



SKOÐUN Ástandið er grafalvarlegt í Suður-Súdan skrifar Stefán Ingi Stefánsson. **12**



MENNING Katla Rut Pétursdóttir leitar að leikurum á mónólógakvöld. **18**



LÍFID Sigga Dögg safnar sjálfboðaliðum í kynfæraljósmyndun. **26**



SPORT Sigurbergur Sveinsson skrifaði undir samning við Erlangen um helgina. **22**

LANDMARK

FASTEIGNASALA

Sími 512 4900 landmark.is

FRÉTTABLAÐIÐ

Mánudagur

7. júlí 2014
157. tölublað 14. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*



BARIST VIÐ ELDHAFID Slökkviliðsmenn dreif að Skeifunni en þeir fengu lítið ráðið við eldinn sem glepti í sig fyrirtæki eftir fyrirtæki. Þegar líða tók á kvöldið heyrðust sprengingar innan úr logunum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Stórbruni í Skeifunni

Gríðarlegt tjón varð þegar eldur læsti sig um Skeifuna 11 í gærkvöld. Mikil hætta skapaðist og lögregla bað fólk að halda sig fjarri staðnum.

BRUNI Allt tiltækt slökkvilið á höfuðborgarsvæðinu var kallað út rétt eftir klukkan átta í gærkvöldi vegna elds í Skeifunni 11.

Eldurinn átti upptök í efnalauginni Fönn og dreifðist meðal annars í húsnæði Griffils, Rekstrarlands, Próments og Tandoori. Þykk-an svartan reykjarmökk lagði hátt til himins þegar slökkvilið mætti á svæðið.

„Húsin voru orðin alelda þegar við komum,“ sagði Þorvaldur Geirsson, varðstjóri hjá slökkviliðinu. „Eldsupptök voru í Fannarhúsinu og breiddi eldurinn sig yfir í húsnæði Griffils. Við reyndum ekki að slökkva eldinn heldur einungis að koma í veg fyrir frekari útbreiðslu.“

Birgir Finnsson varaslökkviliðsstjóri

sagði hættuástand hafa skapast því mikið af hættulegum efnum væri í húsunum.

Mikinn mannfjöldi dreif að en lögregla bað fólk að halda sig fjarri vegna hættu sem stafaði af brunanum. Sprengingar gullu við og hætta á hruni byggingarinnar torveldaði störf slökkviliðsmanna.

-ih, nej / sjá síðu 2

„Við reyndum ekki að slökkva eldinn heldur einungis að koma í veg fyrir frekari útbreiðslu.“

Birgir Finnsson
varaslökkviliðsstjóri

Opið allan sólarhringinn

í Engihjalla, Vesturbergi og Arnarbakka



Iceland

Íslensk framleiðsla annar ekki gríðarlegri eftirspurn hér á landi eftir beikoni: Beikon unnið úr innfluttu kjöti

VIÐSKIPTI Á árinu 2013 voru flutt inn til landsins um 440 tonn af svínakjöti. Megnið af þeim innflutningi, eða um 300 tonn, er svínasíður sem fara í beikonframleiðslu. Ekki merkja allir framleiðendur neytendaumbúðirnar með nafni upprunallandsins.

Stór hluti þess beikons sem er á boðstólum í íslenskum matvöruverslunum er úr innfluttu hráefni. Varan er flutt inn frosin til Íslands, söltuð, reykt, skorin og pökkuð í neytendaumbúðir fyrir innlenda markað. Neysla landsmanna á beikoni hefur margfaldast síðustu ár. Því hefur innflutningurinn verið gríðarlega mikill.

„Framleiðsla íslensks landbúnaðar annar ekki eftirspurn eftir beikoni á landinu. Við þyrftum að fjölga slátruðum svínunum um fimmtíu þúsund gripi árlega til að anna eftirspurn eftir beikoni. En þá kemur



aðvitað upp það vandamál að þá yrði allt of mikið til af öðrum hlutum svínsins,“ segir Sveinn Vilberg Jónsson, framkvæmdastjóri Matfugls, sem rekur Ali kjötvinnslu. Ali er einn stærsti framleiðandi svínakjöts á landinu.

„Við reynum allt hvað við getum til að nota einungis innlenda afurð hjá okkur, en það er bara ekki hægt hvað þetta varðar.“

-sa / sjá síðu 6

„Við þyrftum að fjölga slátruðum svínunum um fimmtíu þúsund gripi árlega til að anna eftirspurn eftir beikoni. En þá kemur aðvitað upp það vandamál að þá yrði allt of mikið til af öðrum hlutum svínsins.“

Sveinn Vilberg Jónsson, framkvæmdastjóri Matfugls.

Íbúfen®

400 mg, 30 stk og 400 mg, 50 stk



Actavis

SPURNING DAGSINS



Erpur, er lágt risið á lundanum?

„Já hann er í frjálsum falli en þó léttur í lund norðanlands.“

Erpur Snær Hansen, doktor í líffræði, er nýkominn úr rannsóknarleiðangri umhverfis landið þar sem hann rannsakaði ástand lundans.

Geitungastofninn hefur laskast undanfarin ár vegna óheppilegs tíðarfars en kalt var í maí á síðasta ári:

Minna að gera í geitungaeitruninni í ár

DÝRALÍF „Þetta er eitthvað minna en venjulega,“ segir Jón Halldórsson, meindýraeyðir og líffræðingur, um fjölda geitunga í sumar.

Jón segir að það sé minna að gera í geitungaeitrun í ár en þó sé ekki hægt að kveða á um það með skýrum hætti fyrir en eftir júlí hvernig stofninum reidur af. „Hann hefur átt svolítið erfitt núna og undanfarin ár.“

Jón segist eitra fyrir eitt til tvö



JÓN HALLDÓRSSON

bú á dag núna. Margar ástæður geta verið fyrir fækkun geitunga.

„Það er helst tíðarfar en í fyrra var það mjög lélegt. Það hefur laskað stofninn og aukið afföll hjá geitungum sem koma fram í maí.“

Stofninn gæti mögulega verið í lægð eftir afföll síðustu ára. „En það eru margir óvissuþættir. Þetta er nú ekki vísindalegt mat hjá mér heldur byggt á reynslu.“

-nej



EKKI BARA MEINDÝRAEYÐIR Jón Halldórsson er ekki einvörðungu meindýraeyðir heldur líffræðingur að mennt. Hann sinnir alhliða meindýraeyðingu og hefur gert það síðustu 12 ár. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



ALLT Á FLOTI Fellibylurinn Artúr olli flóðum í Norður-Karólínu.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Fellibylurinn olli usla en vindhraði fór í 44 metra á sekúndu:

Fjöldi án rafmagns vegna Artúrs

BANDARÍKIN, AP Fellibylurinn Artúr olli skemmdum þegar hann reid yfir austurströnd Bandaríkjanna og Kanada. Artúr var annars stigs fellibylur og náði vindhraði mest 44 metrum á sekúndu.

Artúr kom á land í Norður-Karólínu en fór svo aftur á haf út. Mestar skemmdir urðu við austurströnd Kanada þar sem um 250 þúsund manns urðu rafmagnslaus. Í Maine-ríki í Bandaríkjunum varð rafmagnslost hjá um 19 þúsund manns.

-ih

Mikill léttir fyrir Ícelandair: Flugvirkjar eru búnir að semja

KJARAMÁL Flugvirkjar Ícelandair skrifuðu undir nýjan kjarasamning um klukkan ellefu á föstudagskvöld. Samningurinn gildir í þrjú ár en í honum er bæði vinnufyrirkomulagi og vaktakerfi breytt.

Guðjón Arngrímsson, upplýsingafulltrúi Ícelandair, segir fyrirtækið gríðarlega ánægt með að samningar hafi loks tekist.

Útlit var fyrir að flugsamgöngur Ícelandair myndu stöðvast með tilheyrandi tjóni fyrir ferðaþjónustuna. Í júní hugðist Alþingi setja lög á verkfallið og var því þá frestað.

-nej

Skýræði á Norðurlöndum:

Sala á skyri hefur tífaldað

VERSLUN Sala á skyri í Skandinavíu á síðustu fjórum til fimm árum hefur tífaldað að því er Aðalsteinn H. Magnússon, sölustjóri hjá Mjólksamsölu, sagði við Stöð 2 í gær.

„Á Íslandi er aukningin 20 prósent á þessu ári og hún var 20 prósent í fyrra, þannig að við tengjum þetta beint við mikinn ferðamannafjölda,“ útskýrir Aðalsteinn. „Við erum að selja átta milljónir dósa á íslenska markaðnum og síðan erum við auðvitað að flytja heimikið út og reiknum með að selja sextíu milljónir á þessu ári.“

-mhh

Íslensk stúlka vitni að skotárás í Texas

Helena Kristín Gunnarsdóttir, háskólanemi í Houston í Bandaríkjunum, varð vitni að skotárás inni á yfirfullum skemmtistað. Fjórir særðust í árásinni þar af einn lífshættulega. Byssumaðurinn hvarf í kjölfarið inn í mannfjöldann og gengur laus.

LÖGREGLUMÁL „Ég var bara alveg frosin, þetta var svo óraunverulegt,“ segir Helena Kristín Gunnarsdóttir, 21 árs gamall íþróttfræðinemi í Houston í Texas, um skotárás sem hún varð vitni að inni á skemmtistað aðfaranótt laugardags. Fjórir særðust í árásinni, þar af einn lífshættulega.

„Við vorum á karabískri hátíð í tilefni þjóðhátíðardags Bandaríkjanna. Svo sér vinkona mín mann skammt frá okkur taka upp byssu. Hún greip í mig og við hlupum inn á klósett.“ segir Kristín.

„Klósettið fylltist af fólki. Síðan heyrðum við fjóra skothvelli og öskur fyrir utan. Fólk var rosa-lega hrætt því það vissi ekki hvort maðurinn kæmi inn á salernið og byrjaði að skjóta. Margir í kringum okkur hringdu í fjölskyldumeðlimi.“

Helena segir tímenn hafa liðið hægt inni á salerninu. „Við vorum sennilega þarna í tuttugu til þrjátíu mínútur. En mér leið eins og það hefði verið lengri tími.“

Helena segist ekki vita hvað byssumanninum gekk til en eftir að hafa látið fjögur skot ríða af hvarf hann í mannröngina. Hann gengur því enn laus en leit lögreglu stendur yfir.

Yfir fimm þúsund manns voru inni á staðnum en samkvæmt frétt Reuters voru það einungis þrjátíu lögreglumenn á frivakt sem sáu um öryggisgæslu á viðburðinum. Þeir hafi þar að auki allir verið við inngang staðarins en ekki á dansgólfinu þar sem skotárásin átti sér stað.

„Staðurinn var yfirfullur og starfsfólkið réð ekki neitt við neitt. Hlið inn á staðinn brotnaði í troðn-



ÖRYGGISGÆSLAN BRÁST Skemmtistaðurinn var yfirfullur af fólki og einungis þrjátíu lögregluþjónar sáu um öryggisgæslu á viðburðinum.

MYND/HELENA

Bandaríkin: 24 skotnir til bana á dag

Morð með skotvopnum eru óvída fleiri en í Bandaríkjunum. 8.855 voru skotnir til bana árið 2012 eða 24 dag hvern. Hluti af vandamálinu er fjöldi byssueigenda en í landinu eru 88 byssur á hverja hundrað íbúa sem er það mesta í heimi. Í Houston einni voru fjórir drepnir á viku árið 2012.

ingnum þegar fólk reyndi að komast inn,“ segir Helena.

Helena bætir við að vinkonurnar hafi reynt að halda ró sinni síðustu daga. „Vinkona mín er frá Púertó Ríkó og hún er mun vanari skotárásu. Þar gerist það iðulega að fólk er skotið að tilefnislausu úti á götu. Mamma hennar hrósaði henni fyrir að bregðast rétt við þegar hún sá byssuna.“

ingvar@frettabladid.is



VINKONAN KOM TIL BJARGAR Helena Kristín Gunnarsdóttir og vinkonan frá Púertó Ríkó sem kom Helenu til bjargar.

MYND/HELENA

Ný bragðtegund með Camembert

Smurostar

við öll tækifæri

Ný viðbót ...

- ... á ostabakkann
- ... á pítsuna
- ... í brauðréttinn
- eða á hrökkbrauðið

ms.is

Áætlanir rútufrirtækisins Fjallasýnar úr skorðum eftir að bíll eyðilagðist:

Telur rafmagn hafa kveikt í olíu

BRUNI „Þetta er bara sambland af olíu og rafmagni sem verður til þess að eldur kviknar,“ segir Rúnar Óskarson, eigandi Fjallasýnar, en eldur kom upp í rútu frirtækisins við Ljósavatnsskarð um hádegisbilið í gær.

„Slökkvilið kom eftir nokkrar mínútur en það var ekki nema í svona kílómetra fjarlægð,“ útskýrir Rúnar. „Mér varð strax rórra þegar ég vissi að það var slökkvilið nálægt.“

Eldurinn breiddist hratt út og töluvert þurfti til að slökkva hann.

„Verðmætin voru öll farin á nokkrum mínútum.“ Þetta er mikið tjón fyrir fyrirtækið og setur áætlanir þess og verkefni úr skorðum.

Engan sakaði í eldinum en aðeins bílstjóri rúttunnar var inni í henni þegar eldurinn kviknaði. Hann fann undarlega lykt og fór út áður en eldurinn fór að loga inni í rýminu.

„Hann var óskaplega rólegur. Hann er ekki fæddur í gær og búinn að keyra í áratugi.“

Bíllinn var vel staðsettur á afleggjara í málargryfju þannig að vegfarendur voru ekki í nokkurri hættu. Lítinn reyk lagði yfir veginn.

Bíllinn var á leið til Akureyrar að sækja farm þegar



STÓÐ Í LJÓSUM LOGUM Eldurinn logaði glatt og talsvert mikið þurfti til að slökkva hann.

MYND/RAGNHILDUR

atvikið varð og gripu kollegar Rúnar inn í til þess að aðstoða við verkefnið enda rútan ekki á leið eitt eða neitt. „Menn hjálpast að þegar á reynir.“

-nej

Veði LAGERINN outlet

MARKAÐUR MEÐ ÓDÝRAR OG ELDRI VEIÐIVÖRUR Í ALLT SUMAR

FLUGULÍNUR FRÁ AÐEINS
2.995,-



Mikið úrval!

ÓDÝRT

VEIÐIVESTI

FRÁ
1.995,-

TILBOÐ



VESTI Á MYND KR. 4.995,-

VERÐ FRÁ
299,-

ÓDÝRT



SPÚNAR
Frábært úrval.



BEITAN Í VEIÐIFERÐINA
ORMAR OG MAKRÍLL

AÐEINS FRÁ
14.995,-

TILBOÐ



ÖNDUNARVÖÐLUR
Mikið úrval!

AÐEINS
12.995,-

ÓDÝRT



DAM TASLAN VÖÐLUR

AÐEINS
16.995,-

ÓDÝRT



RON THOMPSON
NEOPRENVÖÐLUR

VERÐ FRÁ
4.995,-

TILBOÐ



FLUGUHJÓL
Gott úrval.

AÐEINS FRÁ
9.995,-

TILBOÐ



VATNSHELDIR
VEIÐIJAKKAR

PAKKA
TILBOÐ



VEIÐISTANGASETT

ÓDÝRAR VEIÐITÖSKUR



VERÐ FRÁ
4.995,-

ÓDÝRT



KASTHJÓL
- í miklu úrvali.

AÐEINS
9.995,-

ÓDÝRT



RON THOMPSON
BARNAVÖÐLUR

TILBOÐ

VERÐ FRÁ
8.995,-

VÖÐLUSKÓR
Ýmsar gerðir.



AÐEINS
3.895,-

ÓDÝRT



VEIÐIKASSAR
Bleikir, bláir og grænir.

FRÁ
4.995,-

TILBOÐ




KASTSTANGIR
Mikið úrval!



TILBOÐ

FLUGUSTANGIR Í ÚRVALI
Mikið úrval!



FRÁBÆRT VERÐ
895,-

ÓDÝRT



LETINGJAR

KRÓKHÁLSI 4 - SÍMI 517 8050 - MÁN. TIL FÖS. - 9 TIL 18 OG LAU. - 10 TIL 16





BRANN TIL KALDRA KOLA Húsnæði Griffils var orðið aelda þegar slökkvilið bar að garði. Ekkert var hægt að gera til þess að ráða við eldinn og gríðarlegt tjón varð á versluninni. Aðkoma að húsinu var auðveld og nóg af vatni fyrir slökkviliðið á svæðinu. Slökkvistarfið tók marga klukkutíma og upp frá versluninni liðuðist kolsvartur reykur sem sást alla leið á Akranes. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Gífurlegt tjón er Skeifan 11 brann

Eldur kviknaði í Skeifunni 11 í gærkvöldi. Allt tiltækt slökkvilið var kallað á staðinn og hættuástandi lýst yfir. „Í fljótu bragði man ég ekki eftir jafn miklu flatarmáli sem hefur verið undir í svona alvarlegum eldi,“ sagði Bjarni Kjartansson, sviðsstjóri forvarnarsviðs slökkviliðsins.

BRUNI Allt tiltækt slökkvilið höfuðborgarsvæðisins var kallað út í gær þegar elds varð vart í verslunarhúsnæði Griffils í Skeifunni 11. Eldsupptökin voru talin hafa verið í efnalauginni Fönn. Eldurinn náði í húsnæði Tandoori, Promennt, Rekstrarlands og Griffils. Ljóst er að húsnæði margra þessara fyrirtækja er gjörónýtt. Hættuástandi var lýst yfir í kjölfar þess að slökkvilið mætti

á svæðið og fólk var beðið um að halda sig frá. Svart reykjarský sem myndaðist yfir svæðinu sást langar leiðir og mikil reykjarlykt lagðist yfir höfuðborgarsvæðið. „Svo virðist sem eldurinn hafi komið upp í þvottahúsinu okkar,“ sagði Þorvarður Helgason, verkstjóri hjá Fönn. Enginn var við störf þegar eldurinn kom upp en unnið hafði verið í þvottahúsinu fyrr um dag-

inn. „Þar er náttúrulega mikill eldsmatur, þar sem við erum að þvo lín fyrir hótél og öldrunarheimili,“ sagði Þorvarður. „Þetta er mikið tjón,“ sagði Linda Lou Arthúr, eigandi veitingastaðarins Tandoori en staðurinn var lokaður í gær. Linda sagðist aldrei hafa séð sambærilegan eldsvoða. „Sjaldan sem maður sér svona mikinn eld hérna á þessu landi okkar.“ „Þessi hús eru öll gömul og börn síns tíma,“ sagði Bjarni Kjartans-

son, sviðsstjóri forvarnarsviðs slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins. Gríðarlegan reyk lagði af brunastaðnum og dreif fljótlega að mikinn mannfjölda. Þegar leið á kvöldið varaði lögregla fólk við að koma nærri. „Gallinn á þessu byggingar-efni er að það er mjög viðkvæmt í bruna. Meginhættan er þegar það er búið að slökkva og byggingin er farin að kólna, þá er hætta á hruni,“ sagði Bjarni. Því gátu

slökkviliðsmenn ekki staðið uppi á byggingum eða inni í húsinu við slökkvistörf. Reykkafarar voru þó sendir inn í húsnæði Fannar. Bjarni man eftir mörgum alvarlegum eldsvoðum í gegnum tíðina en þessi er sérstakur að einu leyti. „Í fljótu bragði man ég ekki eftir jafnmiklu flatarmáli sem hefur verið undir í svona alvarlegum eldi.“ Skeifan 11 er um 8.200 fermetrar. nanna@frettabladid.is / ingvar@frettabladid.is



20% AFSLÁTTUR

Allir styrkleikar og allar pakkningastærðir af Nicotinell Fruit.


Gildir í júlí

Lágt lyfjaverð - góð þjónusta
Sogavegi við Réttarholtsveg
Ópið kl. 9-18 virka daga Sími 568 0990 www.gardsapotek.is



Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi



Alicante 28°	Friedrichshafen 24°	New York 29°
Apena 29°	Gautaborg 23°	Orlando 35°
Basel 28°	Kaupmannahöfn 23°	Ósló 22°
Berlín 30°	Las Palmas 23°	París 22°
Billund 24°	London 23°	San Francisco 20°
Frankfurt 26°	Mallorca 28°	Stokkhólmur 24°

Á MORGUN
3-8 m/s.

MÍÐVIKUDAGUR
Vaxandi SA-átt SV-til.

SKIN OG SKÚRIR Fínasta veður á landinu í dag, einkum um landið sunnanvert þar sem verður bjart og hiti víða að 16 stigum. Það má þó gera ráð fyrir síðdegisskúrum og næst fer að rigna austanlands eftir hádegi. Litlar breytingar á morgun.

Elisabet Margeirsdóttir
veðurfréttamaður



5 ára ábyrgð
Ótakmarkaður akstur



Hyundai ix35
Vandaður fram- eða fjórhjóladrifinn
Verð frá: 4.490.000 kr.
Eyðsla frá 5,3 l/100 km*



Hyundai i30
Sparneytinn með dísilvél
Verð: 3.290.000 kr. dísil, beinskiptur
Eyðsla frá 3,5 l/100 km*



Hyundai i20, dísil
Ein bestu bílakaupin
Verð: 2.590.000 kr.
Eyðsla frá 3,4 l/100 km*

Glæsilegur árangur Hyundai í gæðakönnun J.D. Power

Eins og fram kom í bilablaði Fréttablaðsins í vikunni rataði Hyundai í fyrsta sæti gæðakönnunar J.D. Power í síðustu viku. Einkum voru það áreiðanleiki og lág bilanatiðni sem skiluðu Hyundai sigri í þremur stærðarflokkum. Þessi niðurstaða staðfestir að Hyundai bílar eru með þeim traustustu og endingarbestu á markaðnum.

Í fréttinni sagði einnig: „Margir nýir bílar eiga erfitt með að ná góðum árangri vegna flókinnar hönnunar og fer vandamálið vaxandi eftir því sem aukabúnaður eykst í bílum. Hyundai kemst vel frá þessu vandamáli enda hefur framleiðandinn lagt mikla áherslu á notendavænt umhverfi bílanna sem hefur orðið til þess að upplifun eigenda á raunverulegum gæðum verður meiri og betri.“

Nýi bíllinn er Hyundai

GE bílar
Reykjanesbæ
www.bilahusid.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080



NEW THINKING.
NEW POSSIBILITIES.

Hyundai – Kaupúni 1 – Beint á móti IKEA – Sími: 575 1200
www.hyundai.is – www.facebook.com/hyundai.is

VEISTU SVARIÐ?



1. Um hversu marga fugla er talið að fækkað hafi í lundastofninum við Vestmannaeyjar á rúmum áratug?
2. Hvernig hyggst Ríkisútvarpið nú afla nýrra tekna?
3. Hversu margir sögðust ánægðir með störf forseta Íslands í skoðanakönnun MMR?

SVÖR
1. Þrjátíu milljónir fugla. 2. Leigja út tvær efstu hæðirnar í Útvarps húsinu. 3. 56% aðspurðra.

Prír menn á fertugsaldri handteknir í fyrrið eftir að handrukkun varð að frelsisviptingu í bifreið: Klukkustund í greipum handrukkara

OFBELDI Manni á fertugsaldri var haldið í bifreið handrukkara í rúma klukkustund aðfaranótt sunnudags. Að sögn lögreglu var um innheimtuáðgerðir að ræða.

Mennirnir sem höfðu þann fyrrnefnda í haldi voru þrjár talsins og allir rúmlega þrítugir. Frelsisviptingin hófst eftir að slagsmál brutust út á meðal manna í Grímsbæ. Réðust mennirnir síðan að fórnarlambinu og tóku hann inn í bíl sinn. Var ekið með hann í um klukkustund og honum síðan hent út á Reykjavíkurvegi í Hafnarfirði. Samkvæmt upplýsingum frá lögreglu var hann lemstráður á höfði en ekki lífshættulega slasaður.

Hann var fluttur á slysadeild með sjúkrabíl.

Maðurinn tilkynnti sjálfur um árásina og gat gefið lögreglu upplýsingar um skráningarnúmer bílsins. Lögregla átti því auðvelt með að hafa uppi á bílnum og voru mennirnir þrjár handteknir og látnir gista fangageymslur.

Málið er í rannsókn. Yfirheyrslur hófust yfir þremmingunum í gær og verða þeir látnir lausir að þeim loknum nema fleira komi upp úr dúrnum. Þá verður mögulega krafist gæsluvarðhalds yfir þeim.

Fangageymslur á Hverfisgötu voru fullar þessa nótt og mikill erill hjá lögreglu. -nej



TEKINN Í GRÍMSBÆ Maðurinn var tekinn upp í bifreiðina í Grímsbæ og hent út í Hafnarfirði. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Stór hluti af beikoni í búðum fluttur inn

Nærri helmingur alls beikons sem boðið er upp á er innfluttur. Íslensk svínaframleiðsla stendur ekki undir eftirspurn. „Þyrftum að fjölga sláturdýrum um fjórutíu prósent til að uppfylla eftirspurn eftir beikoni,“ segir framkvæmdastjóri Matfugls.

VIÐSKIPTI Á árinu 2013 voru flutt inn til landsins um 440 tonn af svínakjöti. Megnið af þeim innflutningi, eða um 300 tonn, er svínasiður sem fara í beikonframleiðslu. Innlend framleiðsla á svínakjöti annar ekki eftirspurn landsmanna eftir þessum hluta svínakjötsframleiðslunnar.

Nú er svo komið að stór hluti þess beikons sem er á boðstólum í íslenskum matvöruverslunum er innfluttur. Varan er flutt frosin til Íslands, söltuð reykt, skorin og pakkað í neytendaumbúðir fyrir innlendan markað. Ekki merkja allir framleiðendur neytendaumbúðirnar með nafni upprunalandins. Búrfell, sem er í eigu Sláturfélags Suðurlands, upprunamerkir ekki það beikon sem þar er selt.

Á síðasta ári var sláttrað rúmlega 77.000 dýrum á Íslandi. Heildarframleiðslan samkvæmt vef Hagstofunnar var 6.400 tonn, eða um 82 kílóa meðalþyngd á skrokknum.

Neysla Íslendinga á beikoni hefur margfaldast síðustu ár. Einkum vegna svonefndra kolvetnakúra þar sem menn áttu að sneiða hjá kolvetnum og borða í staðinn fitu og prótín. Þótt neyslan upp á síðkastið hafi minnkad örlítið er ennþá gríðarleg umframtirspurn eftir beikoni. Því hefur innflutningurinn verið gríðarlega mikill.

„Framleiðsla íslensks landbúnaðar annar ekki eftirspurn eftir beikoni á landinu. Við þyrftum að fjölga slátruðum svínunum um



SVÍNARÆKT Innlend framleiðsla stendur ekki undir beikonáti landsmanna.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

fimmtíu þúsund gripi árlega til að anna eftirspurn eftir beikoni. En þá kemur auðvitað upp það vandamál að þá yrði allt of mikið til af öðrum hlutum svínsins,“ segir Sveinn Vilberg Jónsson, framkvæmdastjóri Matfugls, sem rekur Ali kjötvinnslu.

„Við reynum allt hvað við getum til að nota einungis innlendar afurðir hjá okkur, en það er bara ekki hægt hvað þetta varðar. Það eru allir að kaupa erlent svínakjöt til að anna eftirspurninni. Það er ekki hægt að fá nægjanlega mikið af innlendu svínakjöti,“ segir Sveinn.

Innflutningur á erlendu nautakjöti er einnig mikill. Rúmlega 250

„Það eru allir að kaupa erlent svínakjöt til að anna eftirspurninni.“

Sveinn Vilberg Jónsson, framkvæmdastjóri Matfugls.

tonn af nautakjöti voru flutt inn til landsins í fyrra og rúmlega 700 tonn af kjúklingakjöti. Þó þetta sé innan við tíu prósent af heildarframleiðslu þessara dýra hér á landi er verið að anna eftirspurn eftir ákveðnum hlutum dýrsins. Um 75 tonn af nautalundum voru til að mynda flutt inn til landsins í fyrra. sveinn@frettabladid.is

Neyðarákall fyrir börn í Suður-Súdan

Hundruð þúsunda barna búa við sára neyð og hungur í Suður-Súdan.

Þau þurfa hjálp – núna!



unicef

Plötusala Múrbúðarinnar er á Kletthálsi

- ✓ Furukrossviður
- ✓ Birkikrossviður
- ✓ Mótakrossviður
- ✓ Gólfplötur - rakavarðar spónaplötur með nót
- ✓ Veggplötur með nót
- ✓ Skrufur og festingavörur
- ✓ Sökkuldúkur

LÆKKUM VERÐIÐ Á BYGGINGAVÖRUM

SPANOGROUP
International Plywood BV
MÚRBÚÐIN
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is
Kletthálsi 7 Reykjavík - Fuglavík 18 Reykjaneshvæ

Prýstingur eykst á al-Maliki, forsætisráðherra Íraks, vegna sóknar ISIS:

Al-Baghdadi sést í fyrsta sinn

ÍRAK, AP Myndband sem talið er vera af leiðtoga ISIS-samtakanna að stýra bænahaldi í borginni Mósúl í norðurhluta Íraks var birt um helgina.

Í myndbandinu predikar al-Baghdadi mikilvægi jihad eða heilags stríðs. Leiðtoginn bætti við að hann væri hvorki merkilegri né dyggðugri en þeir sem á hlýddu. Myndir af leiðtoga ISIS hafa ekki birst áður opinberlega. Íraska öryggislögreglan vinnur nú að því að ganga úr skugga um að maðurinn á myndbandinu sé raunverulega al-Baghdadi.

Bandarísk yfirvöld hafa boðið 10 milljónir dollara, ríflega 1,1 milljarð íslenskra króna, til höfuðs al-Baghdadi.

Fjögur ár eru síðan al-Baghdadi tók yfir stjórn ISIS sem þá voru hluti af al-Qaida. Undir stjórn al-Baghdadi hafa ISIS orðið sjálfstæð samtök sem stefna að því að stofna sameinað íslamskt ríki í Írak og Sýrlandi.


ISIS, sem stýrt er af súnnítum, hafa náð stjórn á stórum hluta Norður-Íraks. Sjítar hafa hins vegar verið við völd í Írak frá því súnnítanum Saddam Hussein var steypt af stóli árið 2003.

Sókn ISIS hefur valdið auknum þrýstingi á forsætisráðherra Íraks, sjítann Nouri al-Maliki. Forsætisráðherrann hefur verið sakaður um eiga þátt í sókn ISIS með því að neita að deila völdum með súnnítum sem eru minnihlutahópur í landinu. -ih



STÝRDI BÆNAHALDI Al-Baghdadi predikaði mikilvægi heilags stríðs þegar hann birtist opinberlega í fyrsta sinn. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Vissir þú að...



Barnaheill
Save the Children á Íslandi

Það er bannað að krímsmuna börnum eftir lívar hötti



Verð: 2.290.000 kr.

Lexus RX300 AWD R3717
Skráður nóv. 2005, 3,0 bensín, sjálfsk.
Ekinn 135.800 km.

BÍLADÍLL DAGSINS!
Hafðu samband
strax!



Tilboð: 1.390.000 kr.

Hyundai i30 Classic NK179
Skráður júní 2008, 1,6i bensín, sjálfsk.
Ekinn 123au.000 km.
Ásett verð: 1.790.000 kr.



Verð: 1.150.000 kr.

Opel Vectra Z1721
Skráður ágúst 2006, 1,8 bensín, beinsk.
Ekinn 79.600 km.



Tilboð: 5.390.000 kr.

Toyota Land Cruiser 120 VX ADH19
Skráður des. 2007, 3,0TDi dísil, sjálfsk.
Ekinn 133.000 km.
Ásett verð: 5.790.000 kr.

NOTAÐIR BÍLAR

MIKIÐ ÚRVAL OG GOTT VERÐ

Gerðu betri bílakaup!



Tilboð: 2.190.000 kr.

Honda Accord Executive YHE12
Skráður júlí 2008, 2,4i bensín, sjálfsk.
Ekinn 93.000 km.
Ásett verð: 2.690.000 kr.



Tilboð: 3.390.000 kr.

Ford Edge Limited AWD GOU22
Skráður júlí 2008, 3,5i V6 bensín, sjálfsk.
Ekinn 99.500 km.
Ásett verð: 3.590.000 kr.



Tilboð: 4.090.000 kr.

Suzuki Grand Vitara Premium AWD OEP47
Skráður des. 2011, 2,4i bensín, sjálfsk.
Ekinn 22.000 km.
Ásett verð: 4.390.000 kr.

FINNDU BÍLINN ÞINN



TÖKUM ALLAR TEGUNDIR BÍLA UPPÍ

SÝNDU OKKUR BÍLINN
ÞINN OG VIÐ GERUM
ÞÉR TILBOÐ Í MILLIGJÖF.
ENGIN SKULDBINDING

NOTADIR.BRIMBORG.IS

Ýmsar fjármögnunarleiðir í boði. Spyrðu ráðgjafa.



Tilboð: 2.850.000 kr.

Ford Focus Trend Z1Y49
Skráður febr. 2012, 1,6TDi bensín, beinsk.
Ekinn 31.000 km.
Ásett verð: 2.990.000 kr.



Tilboð: 1.320.000 kr.

Ford Escape XLT AWD NH054
Skráður okt. 2006, 3,0i bensín, sjálfsk.
Ekinn 81.000 mílur.
Ásett verð: 1.450.000 kr.



Tilboð: 1.150.000 kr.

Toyota RAV AWD langur RA608
Skráður febr. 2004, 2,0i bensín, beinsk.
Ekinn 150.000 km.
Ásett verð: 1.250.000 kr.



Tilboð: 1.890.000 kr.

Ford Explorer XLT 4x4 NV751
Skráður maí 2007, 4,0i V6 bensín, sjálfsk.
Ekinn 110.000 km.
Ásett verð: 2.290.000 kr.



Tilboð: 4.480.000 kr.

Lincoln Navigator Luxury EL 4x4 BIP66
Skráður nóv. 2007, 5,4i bensín, sjálfsk.
Ekinn 96.000 km.
Ásett verð: 4.880.000 kr.



Verð: 5.790.000 kr.

Mazda CX-5 Vision AWD BLT83
Skráður apríl 2014, 2,0i bensín, sjálfsk.
Ekinn 1.100 km.



Tilboð: 2.990.000 kr.

Hyundai i30 Classic IO115
Skráður júní 2013, 1,4TDi dísil, beinsk.
Ekinn 17.000 km.
Ásett verð: 3.290.000 kr.

FYLGSTU MEÐ Á FACEBOOK

Notaðir bílar - Brimborg

Tilboðsbílar fara
beint á Facebook!

Söludeildir eru opnar virka daga kl. 9-17.

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7030
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040
Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050

50 ári bilgraininni



Öruggur staður til að vera á

Vilja laða fragt- og skemmtiferðaskip að Ölfusi: Stækka á Þorlákshöfn fyrir Evrópusiglingar

SAMGÖNGUR Sveitarfélagið Ölfus rær nú öllum árum að því takmarki að stækka og breyta höfninni í Þorlákshöfn og gera hana þannig í stakk búna til að taka á móti stórum fragtskipum sem og skemmtiferðaskipum.

Kostnaðurinn við framkvæmdirnar yrði tæpir tveir milljarðar og hefur sveitarfélagið óskað eftir aðkomu ríkisins. „Þetta eru ekki háar fjárhæðir miðað við þær

mikilvægu og hagkvæmu breytingar sem fá má fyrir þær,“ segir Gunnsteinn R. Ómarsson, bæjarstjóri Ölfuss.

Gunnsteinn segir að Þorlákshöfn sé vel í sveit sett til þess að verða mikilvæg útflutningshöfn. Hún er stutt frá mesta þéttbýliskjarna landsins þegar farið er landleiðina en síðan munar miklu fyrir þau skip sem koma frá meginlandi Evrópu að losna við þá átta til tíu tíma sem sparast við að taka höfn í Þorlákshöfn frekar en Reykjavík. Hann segir reyndar styst til Austfjarða frá Evrópuhöfnunum en þaðan er langt og seinfarið á helsta afhafnasvæði landsins.

Gunnsteinn er vongóður um að ríkið fái til samstarfsins enda gerir frumvarp að nýjum hafnarlögum ráð fyrir því að hið opinbera hlauti undir bagga við hafnarframkvæmdir sem þessar. Hann vonast til að hægt verði að taka ákvörðun um málið á þessu ári.



ÞORLÁKSHÖFN Sveitarstjórnin vill laða að skemmtiferðaskip. FRÉTTABLAÐIÐ/ROSA



STUNGIÐ SAMAN NEFJUM Hinn landsfrægi hestamaður Sigurbjörn Bárðarson lét sig ekki vanta á landsmótið. MYND/BJÖRN ÞÓR SIGURSSON

Metfjöldi útlendinga á Landsmóti á Helli

Hvassviðri einkenndi Landsmót hestamanna sem lauk í gær á Gaddstaðflötum. Fágæt einkunn var gefin í tölti og heimsmet féll í skeiði. Fjögur þúsund útlendingar voru á meðal tíu þúsund mótsgesta. Er það rakið til mikillar markaðssetningar.

ÍPRÓTTIR Tíu þúsund manns mættu á Landsmót hestamanna sem fram fór á Gaddstaðflötum á Helli í nýliðinni viku. Þar af voru fjögur þúsund erlendir ferðamenn en aldrei hafa fleiri útlendingar sótt mótið sem rekja má til mikillar markaðssetningar erlendis.

Hvassviðri og væta einkenndu mótið og er því líklega um að kenna að aðsókn Íslendinga var minni en áður.

Hestakosturinn var sérstaklega sterkur að þessu sinni. Íslands- og heimsmet voru slegin og metdómur féllu. Bjarni Bjarnason á hryssunni Heru frá Þóroddsstöðum setti Íslands- og heimsmet í 250 metra skeiði og Teitur Árnason á Tuma frá Borgarhóli setti Íslandsmet

í 150 metra skeiði. Þá var gefin afar fágæt einkunn og metdómur þar með kveðinn upp í flokki fjögurra vetra stóðhesta, en Konsert frá Hofi fékk 10 fyrir tölt og 8,60 fyrir hæfileika, knapi var Agnar Þór Magnússon.

Einkunnir sem gefnar voru á aðalkeppnisdegi landsmótsins, síðastliðinn laugardag, eru meðal þeirra hæstu sem gefnar hafa verið. Árni Björn Pálsson á Stormi frá Herríðarhóli vann A-úrslit í tölti með einkunnina 9,39 og Þórarinn Ragnarsson á Spuna frá Vesturkoti vann A-flokk gæðinga með einkunnina 9,30.

Keppnin var æsispennandi fram á síðustu einkunn og áhorfendabrekkann var þétt setin.

→ Saga Landsmótanna nær aftur til 1950 þegar fyrsta Landsmótið var haldið á Þingvöllum. Þar voru sýnd 133 hross, kynbótahross, gæðingar og kappreiðahross.

Hestarnir þóttu með eindæmum glæsilegir og sjá mátti áhorfendur taka við sér með tilheyrandi lófaklappi og fagnaðarlátum þegar hestarnir geystust áfram. Kvöldinu lauk með skemmtidagskrá í tjaldi og á velli og dönsuðu landsmótsgestir fram á rauðanótt.

sunnak@frettabladid.is


TAX FREE



Rafha

Opið virka daga 9-18
 laugardag 11-17
 sunnudag 13-17

Suðurlandsbraut 16 108 Reykjavík
 Sími 5880500
www.rafha.is



Beltone First™

Snjallara heyrnartæki

Nýja Beltone First™ heyrnartækið tengist þráðlaust beint í iPhone, iPad og iPod touch. Komdu og prófaðu, það er engu líkt!



Kringlunni • Sími 568 7777 • heyrnarstodin.is

HEYRNARSTÖÐIN



Beltone First gengur með iPhone 5s, iPhone 5c, iPhone 5, iPad Air, iPad (4. kynslóð), iPad mini með Retina, iPad mini og iPod touch (5. kynslóð) með iOS eða nýrra stýrikerfi. Apple, iPhone, iPad og iPod touch eru vörumerki sem tilheyra Apple Inc, skráð í Bandaríkjunum og öðrum löndum.



GLEÐIN VIÐ VÖLD Landsmótsgestir létu ekki veðrið slá sig út af laginu.

MYND/BJÖRN ÞÓR SIGURSSON



FLJÚGANDI SKEIÐ Þórarinn Ragnarsson og Spuni frá Vesturkoti sigruðu í A-flokki.

MYND/BJÖRN ÞÓR SIGURSSON

FIND **NEW** ROADS™



FÁÐU MEIRA

SJÁÐU MEIRA



CAPTIVA
5.490.000.-
LT DÍSEL 2.2L
BSK • 7 SÆTA

SUMARBÓNUS
CHEVROLET FYLGIR
ÖLLUM NÝJUM
BÍLUM

FÁÐU MEIRA FYRIR PENINGINN

Chevrolet bílar eru með ríkulegan staðalbúnað og jafnframt á sérlega hagstæðu verði. Þess vegna hvetjum við þig til að gera samanburð á verði og búnaði bíla í sama flokki og fá meira fyrir peninginn.

SJÁÐU MEIRA Í SUMARFRÍINU

Það er fátt notalegra en að ferðast um í Chevrolet Captiva og fræðast um þær slóðir sem farið er um hverju sinni. Til að toppa upplifunina er svo er algjör snilld að slá upp grillveislu fyrir ferðafélögana þegar komið er á áfangastað.



Öllum nýjum Chevrolet bílum fylgir Char Broil ferðagasgrill frá Rekstrarlandi og ferðahandbók að eigin vali* frá Forlaginu.

*Þú velur á milli eftirfarandi titla: FerðaAtlas, 155 Ísland, Fjallabókin, Íslenskur fuglavísir, Íslensk fjöll og Íslenska fjallahandbókin.

Opið alla virka daga frá 9 til 18
og laugardaga frá 12 til 16.
Verið velkomin í reynsluakstur.

Nánari upplýsingar á benni.is

Reykjavík
Tangarhöfða 8
Sími: 590 2000

Reykjanesbær
Njarðarbraut 9
Sími: 420 3330

Akureyri
Glerárgötu 36
Sími: 461 3636

Bilgtö
Benna
Sérfræðingar í bílum

Segja búrkubannið skilyrði sáttar

Mannréttindadómstóll Evrópu telur frönsk lög sem banna notkun búrkna og níkab, blæja sem hylja andlit alveg utan augna, á almanna-færi ekki vera brot á mannréttindum. Fjöldmörg mannréttindasamtök hafa fordæmt niðurstöðuna sem þau segja að megi rekja til aukins kynþáttahaturs í Vestur-Evrópu. Lögin eru sögð glæpavæða klæðnað kvenna og geta haft meiriháttar áhrif á trú- og tjáningarfrelsi.

Fanney Birna
Jónsdóttir

fanney@frettabladid.is



MANNRÉTTINDI Frönsk lög sem banna notkun á búrkum og níkab, slæðum sem ná yfir andlitið allt utan augna, eru ekki brot á mannréttindalögum samkvæmt dómi sem Mannréttindadómstóll Evrópu kvað upp í síðustu viku.

Enginn þrýstingur

Málið hefur víða skírskotun til annarra Evrópuríkja. Það var höfðað af 24 ára gamalli franskri konu sem er múslimi og notar níkab yfir andlitið í samræmi við trúarskoðanir sínar, menningu og persónulega sannfæringu. Konan lagði áherslu á að hvorki eiginmaður hennar né nokkur annar fjölskyldumeðlimur þrýsti á hana að klæða sig með þessum hætti.

Konan lagði einnig áherslu á að hún klæddist annaðhvort búrku eða níkab bæði á almanna-færi og innan veggja heimilisins en þó ekki á stöðum þar sem þyrfti að vera hægt að þekkja hana og þar sem skilríkja væri krafist, til að mynda hjá lækni, í banka og á flugvöllum.

Þessi kona var af mörgum talin kjörin til að höfða þetta mál þar sem hún notar þessi klæði ekki reglulega en vildi hafa frelsi til að gera það þegar henni leið þannig undir ákveðnum kringumstæðum til dæmis á Ramadan, hinum heilaga mánuði múslima, þegar hún taldi sig þurfa að nota klæðin til að láta í ljós trú sína. Markmið henn-

ar var ekki að trufla aðra heldur að vera í sátt við sjálfa sig.

Konan taldi lögin brjóta gegn mannréttindum hennar þar sem þau mismunuðu henni á grundvelli kynferðis, trúar og þjóðernis. Hún taldi bannið brjóta gegn nokkrum ákvæðum mannréttindasáttmála Evrópu, aðallega ákvæðum um friðhelgi einkalífs og fjölskyldu og hugsana-frelsi, samvisku og trúfrelsi. Þar að auki taldi hún bannið brjóta í bága við ákvæði um bann við vanvirðandi meðferð, tjáningarfrelsi, funda- og félagafrelsi og bann við mismunun.

Skylda til að boða umburðarlyndi
Dómstóllinn lýsti sérstaklega yfir áhyggjum sínum af því að í aðdraganda lagasetningarinnar hefði umræðan í Frakklandi oft og tíðum markast af íslamsfóbískum ummælum. Dómstóllinn sagði að þegar ríki færi í svona laga-setningu þá tæki það áhættu á því að festa í sessi neikvæðar staðal-ímyndir af minnihlutahópum sem gæti hvatt aðra íbúa landsins til að tjá óumburðarlyndi í skoðun-um á þeim þegar ríki hefði, þvert á móti, skýlausa skyldu til að boða umburðarlyndi.

Dómstóllinn ítrekaði að ummæli sem fælu í sér almennar og afdrátt-arlausar árásir á trúarhóp eða þjóðarbrot gengju gegn grunngildum Mannréttindasáttmálans um umburðarlyndi, félagslegan frið og jafnræði og féllu ekki undir tjáningarfrelsi í skilningi hans.

Dómstóllinn hafnað þeim rökum frönsku ríkisstjórnarinnar að bann-

ið væri nauðsynlegt til að vernda múslimskar konur gegn kúgun. Það sama átti við um þau rök frönsku ríkisstjórnarinnar að sökum almannahagsmuna yrði alltaf að vera hægt að bera kennsl á borgara landsins, sama hvar þeir væru.

Sátt og samlyndi

Franska ríkið hélt því einnig fram að bannið félli undir vernd á réttind-um og frelsi annarra. Því var haldið fram að blæjurnar gengju gegn frumskilyrðum þess að allir íbúar Frakklands gætu búið saman í sátt og samlyndi þar sem þær hindruðu að viðkomandi gæti átt í félagsleg-um samskiptum við aðra íbúa landsins. Það félli í hlut viðkomandi ríkis að tryggja þær aðstæður að allir íbúar landsins gætu búið saman í öllum sínum fjölbreytileika.

Mannréttindadómstóllinn tók undir þessi rök franska ríkisins og sagði að það hefði töluvert svigrúm til að tryggja að allir íbúar landsins gætu „búið saman“ og því væri ekki um að ræða brot á ákvæðum sáttmálans.

Mörg mannréttindasamtök blönduðu sér í málareksturinn og töldu líkt og konan að bannið væri gróft brot gegn mannréttindum. Talsmenn nokkurra slíkra samtaka hafa fordæmt niðurstöðuna og telja hana geta haft meiriháttar afleiðingar á trú- og tjáningarfrelsi, ekki aðeins í Frakklandi heldur víðar í Evrópu. Niðurstaðan sé glæpavæðing á klæðnaði kvenna og hún hafi verið spyrnt saman við auknið kynþáttahatur í Vestur-Evrópu.



Í SÁTT VIÐ SJÁLFA SIG Konan sem kærði búrkubannið lagði áherslu á að hvorki eiginmaður hennar né nokkur annar fjölskyldumeðlimur þrýsti á hana að klæða sig með þessum hætti.

FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Búrkubannið í Frakklandi

Frakkland var fyrsta Evrópuríkið til að banna níkab á almanna-færi. Í Frakklandi búa um fimm milljónir múslima, sem er stærsti minnihlutahópur múslima í Vestur-Evrópu. Aðeins um 2.000 konur í Frakklandi notast við níkab.

Það var ríkisstjórn Nicolas Sarkozy, fyrrverandi forseta Frakklands, sem setti lögin sem banna

múslimsku klæðin með þeim rökum að þau kúguðu konur og væru ekki velkomin í Frakklandi.

Lögin tóku gildi þann 11. apríl árið 2011 og fyrirskipa að konur, bæði franskar og erlendar, megi ekki fara út af heimili sínu með andlitið falið bak við blæju og eigi á hættu sekt að fjárhæð allt að 150 evrur, jafngildi 23 þúsund króna, brjóti þær lögin.



WORLD CAR OF THE YEAR
2014 WORLD CAR AWARDS

Besti bíllinn.

Audi A3 hefur verið valinn besti bíll ársins
2014* af blaðamönnum frá 22 löndum.
Takk fyrir okkur!



*World Car Awards 2014, New York: www.wcoty.com

Vorsprung durch Technik





ASSA ABLOY



ÖRYGGI OG VELLÍÐAN GESTA

er lykilatriði á hóteli þar sem fjöldi fólks
fer um á degi hverjum

Með **TESA, ASSA ABLOY** eru aðgangs- og öryggismál á hótelum af öllum stærðum leyst á hagkvæman hátt, sniðin að mismunandi þörfum hvers hótels fyrir sig. Hönnunin er fágúð, hurðarhúnar og annar útbúnaður er glæsilegur og stílhreinn.

- TESA, ASSA ABLOY hótellæsingar bjóða upp á ótrúlega fjölbreyttar lausnir fyrir hótél af öllum stærðum.
- Hægt er að nota hefðbundin segulkort eða nándarlykla (RFID).
- Engin þörf er á raflögnum – heldur er hver læsing fyrir sig forrituð (offline) ellegar hægt að nota þráðlaus samskipti á milli gestamóttöku og hótellæsingar (wireless).
- TESA, ASSA ABLOY gengur með öllum gerðum af læsingum.
- Allar nánari upplýsingar um þessa vöru og möguleika hennar fást hjá Vélum og verkfærum.

 **VÉLAR & VERKFÆRI**

SKÚTUVOGUR 1 C ▼ 104 REYKJAVÍK ▼ Sími: 550 8500 ▼ FAX 550 8510 ▼ www.vv.is

Af meintu gullæði í ferðabjónustu:

Hraun og hrossaskítur

Fréttir af meintu gullæði ferðabjónustuaðila hafa verið áberandi í fjölmiðlum undanfarið. Nefnd hafa verið dæmi um næturgistingu í eins manns herbergi á gistihúsi fyrir meira en hundrað þúsund krónur, kökusneidar á fjórtán hundruð krónur og íslenskt sælgæti í túristaumbúðum kennt við hraun og hrossaskít á þreföldu verði sama sælgætis í sínum upphaflegu umbúðum. Það berast fréttir af fólki sem flytur inn á vini og ættingja eða í hjólhýsi til að leigja út íbúðir sínar til ferðamanna, á uppsprengdu verði auðvitað. Allt þykir þetta til vitnis um græðgi Íslendinga. Stutt er í hneykslunartóninn í „hlutlausum“ fréttaflutningnum og oft er gefið í skyn að svona gætu engir nema Íslendingar hegðað sér. En er það nú alveg víst?

Allir sem ferðast hafa til frægra ferðamannaastaða kannast við það að nálægt þeim er gisting, matur og drykkur á mun hærra verði en annars staðar í viðkomandi borg eða landi. Það þykir sjálfsagt mál að ferðamenn borgi meira en innfæddir sem flestir hverjir forðast að koma nálægt þeim stöðum þar sem túristamergöin er mest og myndi aldrei detta í hug að borða eða drekka, hvað þá gista á stöðum sem miða verðlag sitt við túristana. Fyrr mætti nú vera heimskan.

Það sem aðgreinir „gullæði“ Íslendinga frá því sem tíðkast annars staðar er hins vegar að þegar staðir sem vinsælir eru hjá ferðamönnum hækka verðið upp úr öllu valdi þá gera allir aðrir það líka. Það eru engir lókal pöbbar þar sem fólk úr nágrenninu getur borðað sinn fisk eða drukkið sinn bjór á verði sem miðast við tekjur venjulegs Íslendinga en ekki meinta erlenda auðkýfinga. Gæði staðarins, þjónustustig eða fjölbreytni í framboði virðast heldur ekki hafa neitt með verðlagninguna að gera og það getur verið dýrara að borða hamborgara í vegasjoppu en góða máltíð á virtu veitingahúsi. Þjónustuaðilar virðast hugsa sem svo að fyrst Jón á horninu getur hækkað verðið hjá sér hljóti þeir að geta leyft sér það líka burtséð frá því hvort þeir séu í sama gæðaflokki.

Að því leyti má kannski segja að græðgin sé að bera ferðabjónustuaðilana ofurlíði, þeir virðast ekki gera sér grein fyrir því að til þess að geta verðlagt þjónustuna í topp þarf hún að vera af mestu gæðum. Að selja rusl á sama verði og góða vöru kemur söluaðilanum sjálfum fyrir eða síðar í koll. Orðsporið berst hratt á snjallsímaöld og síður eins og Tripadvisor, þar sem ferðamenn sjálfir skrifa dóma um gæði staða, hafa umsvifalaust áhrif á aðsókn að þeim stöðum sem ekki eru að standa sig. Það er því rekstraraðilum staðanna sjálfum fyrir bestu að hugsa dálítið um gæðin áður en þeir ákveða verðið. Flestir sem sækja Ísland heim eru ágætlega sjáaðir ferðamenn sem kynna sér aðstæður fyrirfram, vita eftir hverju þeir eru að sækjast og láta ekki bjóða sér vitleysu til lengdar. Þeir kunna nefnilega bæði að lesa, reikna og leggja saman tvo og tvo.

FRÁ DEGI TIL DAGS

Konur taka yfir sem yfirmenn Sigurjón M. Egilsson, þáttastjórnandi Sprengisands á Bylgjunni, gerði ráðningarmál í yfirmannastöður hjá lögreglunni að umfjöllunarefni í þættinum í gær. Fram hefur komið að verulega hallar á konur innan stéttarinnar, 23 karlar eru yfirlög-regluþjófar en engin kona og 21 karl er aðstoðaryfirlög-regluþjófi og tvær konur. Þrjú karlar voru ráðnir aðstoðaryfirlög-regluþjófar í síðustu viku. Meðal gesta voru Hildur Sverrisdóttir, vara-borgarfulltrúi Sjálfstæðis-flokksins, en Hildur sagði að þrátt fyrir að það væri ekki ákjósanlegt að karlar séu þeir eru sem ráðnir eru sé ekki hægt að halda því fram að

þeir hæfustu hafi ekki verið ráðnir og ekki megi gefa afslátt af líku. Hún sagði að í fyllingu tímans, meðfram því sem konum fjölgi í lögreglunni, muni þær á endanum gegna öllum þessum yfirmannsstöðum.

Stjórnunarreynsla

Margir hafa einmitt sett spurningarmerki við það hvort það sé endilega rétt að þeir hæfustu hafi verið ráðnir. Kvenréttinda-félag Íslands segir þessar tölur sláandi og krefst breytinga. Eyrún Eypórsdóttir lögreglufulltrúi segir konurnar sem sóttu um hafa verið mjög hæfar, líkt og



þegar konur hafa sótt um önnur störf innan lögreglunnar. Hún er full vantrausts gagnvart yfirstjórninni. Fram hefur komið að ein kona sat í hæfisnefnd sem sá um ráðninguna en við hana var tekið mið af því að karlmennirnir hefðu víðtæka stjórnunarreynslu. Það hlýtur að þurfa að setja spurningarmerki við stjórnunarreynslu sem hæfisatriði innan lögreglunnar, þar sem konur komast gjarnan ekki að stjórnunarstörfum. Fá þær ekki stjórnunarstörf gefur augaleið að þær öðlast aldrei stjórnunarreynslu. Þannig er líklegast langt í að konur muni í fyllingu tímans gegna öllum yfirmannastöðum hjá lögreglunni.



HALLDÓR



Hjálp

HJÁLPARSTARF



Stefán Ingi Stefánsson framkvæmdastjóri UNICEF á Íslandi

Grafalvarlegt ástand ríkir nú í yngsta ríki heims, Suður-Súdan. Átök hafa hrakið fleiri en 1,5 milljónir manna á flóttu þar sem sjúkdómar, hungur, ótti og óvissa verða veruleiki þeirra. Af þessum fjölda fólks er yfir helmingurinn börn. Börn eins og öll önnur börn. Börn sem nú búa við ólýsanlega neyð og hafa mörg hver orðið vitni að skelfilegum hlutum.

Ef þar með væri sögunni lokið, ekkert væri hægt að gera til að bæta ástandið og þar við sæti, lifðum við í núturlegum heimi. En sem betur fer getum við gert svo margt. Við getum varið réttindi þessara barna og bjargað lífi þeirra.

En til þess þurfum við hjálpar. Allt starf UNICEF, Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna, er byggt á frjálsum framlögum frá einstaklingum og fyrirtækjum. Með ykkar hjálpar getum við veitt börnum sem búa við neyð lífsnauðsynlega aðstoð.

UNICEF á Íslandi hóf neyðarsöfnun fyrir börn í Suður-Súdan fyrir rúnum mánuði. Á þeim tíma hafa safnast 17 milljónir sem sýnir svo ekki verður um villst að hér á landi vill fólk hlúa að velferð og lífi barna, sama hvar í heiminum þau kunna að búa.

Lyfjafyrirtækið Alvogen er dyggur stuðningsaðili UNICEF og skapaði vettvang fyrir fólk til að láta gott af sér leiða með því að halda afar vel heppnaða styrktartón-

→ Allt starf UNICEF, Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna, er byggt á frjálsum framlögum frá einstaklingum og fyrirtækjum. Með ykkar hjálpar getum við veitt börnum sem búa við neyð lífsnauðsynlega aðstoð.

leika í Hörpu. Skipulagning, framkvæmd og kostnaður við tónleikana var í höndum Alvogen svo allur ágóði rann óskiptur til UNICEF. Að auki styrkti Alvogen söfnunina beint ásamt fjölmörgum öðrum fyrirtækjum.

Slíkur samhugur er okkur sem störfum við hjálparstörf hér í Suður-Súdan mikill innblástur. Ég vil því koma á framfæri innilegu þakklæti til allra þeirra sem styðja starf UNICEF með einum eða öðrum hætti, nú þegar ótal börn takast á við miklar áskoranir. Ástandið í landinu er enn mjög erfitt viðureignar og mikil óvissa ríkir um framhaldið. Við höldum því ótraud áfram. Saman getum við bjargað lífi barna.

Kærar þakkir fyrir að vera með okkur í líði.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Edwald RITSTJÓRAR: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is, Mikael Torfason mikael@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

Garðtraktorar

mikið úrval

	<p>Reykjavík: Krókháls 16 110 Reykjavík Sími 568-1500</p>	<p>Akureyri: Lónsbakka 601 Akureyri Sími 568-1555</p>
	<p>Vefsíða: www.thor.is</p>	

Nýr seðlabankastjóri?

Í DAG

Guðmundur Andri Thorsson
ríthöfundur



Það var misráðið að höfða mál á hendur ríkinu til þess að knýja það til að standa við þau launakjör sem tilgreind voru í ráðningarsamningi Más Guðmundssonar seðlabankastjóra við ríkið en var svo einhliða breytt eftir á af hálfu ríkisins. Þetta sýndi skeytingarleysi um almenningssálitið, skilningsleysi á því andrúmslofti sem ríkti í samfélaginu eftir Hrun þegar sæmd var loksins ekki mæld í launum eingöngu heldur framgöngu. Málareksturinn sýndi skort á pólitísku innsæi: hann var til þess fallinn að grafa undan tiltrú Mús hjá almenningi sem þráði að fá loksins að sjá fólk í trúnaðarstöðum sem liti á það sem hlutverk sitt að þjóna samfélaginu. Eins og þrettán-hundruð fréttir Morgunblaðsins greina frá, fjölmargir leiðarar og Reykjavíkurbref, gætti formaður bankaráðs þess ekki að bera undir það þá ákvörðun að bankinn skyldi kosta málshöfðunina, sem vitnar um fyrirhrunslegt hirðuleysi um vandað vinnulag en umfram allt: formaður bankaráðsins grautaði saman hagsmunum bankans og einkahagsmunum Más. Og loks mátti Már vita að þessi málarekstur myndi vera til þess fallinn að færa öflugum og heiftúðugum óvildarmanni hans vopn upp í hendurnar; manni sem vakinn og sofinn er staðráðinn í því að ná fram fullum hefndum fyrir þá vansæmd að vera látinn víkja úr stól Seðlabankastjóra. Eftir minn dag kemur enginn.

Hvað var Már að hugsa? Um peninga? Hann hafði reyndar lækkað töluvert í launum við vistaskiptin frá Sviss en varla var hann á slíku flæðiskeri staddur að hér hafi peningavon ráðið – þá hefði hann væntanlega haldið starfi sínu í Sviss ... Hvað gekk mannum til?

Apinn á hæstu greininni

Kannski var hann að hlusta á einhvern lögfræðing. Og kannski hugsaði hann svona: Það er sanngirnismál að staðið sé við gerða samninga, og ekki bara það, heldur er það nauðsynleg forsenda þess að umbætur verði á stjórnsýslu hér á landi, sem of lengi hefur verið laus í reipunum og háð geðþótta. Sérstaklega er þetta mikilvægt í samskiptum Seðlabankans og ríkisvaldsins, því að bankinn og íslenskt efnahagslíf á allt undir því að hann sé sjálfstæður í ákvörðunum sínum og óháður stundlegum hagsmunum og duttlungum stjórnmalamanna á atkvæðaveiðum – ekki síst í landi þar sem efnahagskerfið hrundi vegna taumlausrar fyrirgreiðslu einkarekinna banka við frændur og vini. Mikilvægt er að ráðherrar ríkisstjórnar geti ekki skapað þrýsting á Seðlabankastjóra til að fara eftir stefnu sinni hverju sinni, og kæmist ríkisstjórnin upp með að lækka einhliða laun Seðlabankastjórans skapar slíkt hættulegt fordæmi sem aldrei er að vita hvernig endar.

Kannski hefur hann hugsað eitthvað á þessa leið. Hann hefur verið að passa upp á stöðu sína og bankans – hver ráði hverju yfir hverjum; hver sé apinn á hæstu greininni: Alveg síðan Jóhannes Nordal lét af störfum hefur enginn maður gegnt starfi Seðlabankastjóra sem almennt hefur verið talinn valda starfinu. Jóhannes var nánast í guða tölu á sinni tíð, og þegar hann tjáði sig

„Málareksturinn sýndi skort á pólitísku innsæi: hann var til þess fallinn að grafa undan tiltrú Mús hjá almenningi sem þráði að fá loksins að sjá fólk í trúnaðarstöðum sem liti á það sem hlutverk sitt að þjóna samfélaginu.

„ex cathedra“ sátu stjórnmalamenn niðurlútir og meðtöku boðskapinn.

Og hugsuðu sitt: „Þetta er eitthvað fyrir mig.“ Frá því að Jóhannes settist í helgan stein hafa fyrrum stjórnmalamenn viljað baða sig í þeim ljóma sem Jóhannes brá á starfið – og hefur hann dofnað í réttu hlutfalli – og hafa eitthvað að sýsla við á sínum efri árum, með ókunna fagmenn sér til hliðar, til að sjá um hin eiginlegu bankastörf.

Síðasti stjórnmalamaðurinn sem hlammaði sér í stólinn með þessum hætti leiddi bankann – og íslenskt efnahagslíf – fram af bjargbrúninni, svo að sjálfur Seðlabanki Íslands varð gjaldþrota.

Andstæðingur velferðarkerfisins

Már er fyrsti faglegi aðalbankastjóri Seðlabankans eftir Jóhannes Nordal. Í tíð hans hefur tekist með erlendri hjálp að endurreisa bankann og orðspor hans, og þá bregður svo við að talað er um að setja til starfins einn nánasta ráðgjafa og vildarmann Davíðs Oddssonar, Ragnar Árnason, sem kunnur er sem einn helsti talsmaður kvótakerfisins og vakti síðast athygli fyrir hugmyndir sínar um skaðsemi opinberra heilbrigðistrygginga og raunar virðist hann andvígur hvers kyns niðurgreiðslu hins opinbera á heilbrigðisþjónustu, enda sé markaðurinn einn hinn eðlilegi vettvangur fyrir þessa starfsemi eins og alla aðra. Það að vera veikur er eins og hver önnur vara.

Einstrengingslegar skoðanir Ragnars sem hann hefur sett fram í ræðu og riti eru ekki til þess fallnar að skapa um Seðlabankann það andrúmsloft sem hann þarf sárlega á að halda nú þegar fyrir dyrum stendur stórfelldasta útdeiling eigna í Íslandssögunni og viðkvæmir samningar við þrotabú gömlu bankanna þar sem allir lærðustu fjárplógsmenn í vestrænum bankaheimi munu sameinast gegn íslenskum stjórnvöldum. Ekki er gott að yfir útdeilingu gæðanna vaki maður sem hefur þá lífshugsjón að auður eigi að safnast á sem fæstar hendur og að markaðurinn eigi að ráða lífi og heilbrigði fólks. Og að sömu menn eigi að ráða för við útdeilingu þeirra gæða og færðu vildarmönnum sínum banka á sínum tíma, með heimsfrægum afleiðingum, er beinlínis hrollvekjandi tilhugsun.

Má Guðmundssyni – og bankaráði Seðlabankans á þeim tíma – varð á í messunni þegar hann hóf málarekstur sinn út af launum sínum. Einhverjir telja þau mál sambærileg við framgöngu Davíðs í sama embætti – og leiddi til allsherjar Hruns sem við erum enn að súpa seyðið af – það er að sjálfsgöðu fjarri lagi. Og almennt talað þarf stórkostleg embættisglöpp, á borð við þau, til að skipt sé um í slíku starfi. Nýrri ríkisstjórn á ekki að fylgja nýr seðlabankastjóri hverju sinni, allra síst öfgamaður sem starfar eftir hugsjónum sem flestum Íslendingum eru fjarlægjar og ógeðfelldar.

Að lifa í jafnvægi

Holl fæða hjálpar okkur að skapa stöðugleika í líkamanum og lífinu. Ab vörurnar stuðla að lifandi jafnvægi.

HVITA HUSID / SIA 14-0788

+

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,
JÓNÍNA GUÐMUNDSDÓTTIR
 hjúkrunarheimilinu Tjörn,
 áður Brekkugötu 24, Þingeyri,
 andaðist miðvikudaginn 2. júlí. Útför hennar fer fram frá Þingeyrarkirkju í Dýrafirði laugardaginn 12. júlí kl. 14.00. Sérstakar þakkir til starfsfólks hjúkrunarheimilisins Tjarnar.



Páll Björnsson
Kolbrún Björnsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Jóhanna Ström
Bjarni Jónsson

+

Eiginkona mín,
 móðir okkar, tengdamóðir og amma,
STEFANÍA INGIBJÖRG
PÉTURSDÓTTIR
 verður jarðsungen frá Neskirku miðvikudaginn 9. júlí klukkan 13.00.



Páll Bragi Kristjánsson
Jórunn Pálsdóttir
Þórður Pálsón
Rakel Pálsdóttir
Kristján L. Loðmfjörð Pálsón
og barnabörn.

Þórarinn Stefánsson
Kristín Markúsdóttir
Óskar Sigurðsson
Tinna Guðmundsdóttir
og barnabörn.

+

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,
GUÐRÚN RAGNHEIÐUR
GÍSLADÓTTIR THORLACIUS
 sem lést á Landspítalanum í Fossvogi 26. júní sl. verður jarðsungen frá Fossvogskirkju þriðjudaginn 8. júlí nk. kl. 11.00. Blóm afþökkuð en þeim sem vildu minnst hennar er bent á líknarstofnanir.



Hólmfríður Margrét Ingibergsdóttir
Pétur Ingibergsson
Sólveig Ingibergsdóttir
Hrefna Sumarlína Ingibergsdóttir
barnabörn og langömmubörn.

Guðfinna Hafsteinsdóttir
Rúnar Jónasson

+

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,
PÁLÍNA HRAUNDAL
 Hringbraut 50,
 áður Hvassaleiti 56,
 lést á Elli- og hjúkrunarheimilinu Grund sunnudaginn 29. júní. Útför hennar fer fram frá Grensáskirkju mánudaginn 7. júlí kl. 11.00.



Sigrún Óskarsdóttir
Lúdvík Hraundal
Kristín Hraundal
Þórir Snorrason
barnabörn, langömmubörn og langalangömmubarn.

Tryggvi Jónasson
Ragnheiður Pálsdóttir

Nýtt á heimsvísu
VARANLEGT LETUR
 Eingöngu hjá Graníthöllinni

Eitt mesta úrval landsins af fallegum legsteinum og fylgihlutum hjá Graníthöllinni



Graníthöllin
Legsteinar
 www.granithollin.is
 Bæjarhrauni 26 Hafnarfirði 555-3888

LEGSTEINAR
 MIKIÐ ÚRVAL AF FYLGIHLUTUM
 VÖNDUÐ VINNA
Steinsmiðjan Mosaik
 Stofnað 1952 Hamarshöfði 4 - sími 587-1960 - www.mosaik.is



Purfum sjálfboðaliða inn í daglega starfsemi

Pegar Þór Gíslason sá auglýsingu í blaði um að fólk vantaði til að stofna vinalínu Rauða krossins árið 1991 gaf hann sig fram og hefur ekki getað slitið sig frá samtökunum síðan. Nú er hann nýráðinn framkvæmdastjóri Reykjavíkurdeildar Rauða krossins í Reykjavík.

„Ég þekki ágætlega til herna. Hef verið starfsmaður Reykjavíkurdeildarinnar í fimm ár en er búinn að vera sjálfboðaliði Rauða krossins í hinum ýmsu verkefnum og stjórnarstörfum síðan 1991,“ segir Þór Gíslason sem nýlega var ráðinn framkvæmdastjóri Reykjavíkurdeildar Rauða krossins.

Upphaflega var það auglýsing í blaði sem dró Þór að samtökunum. „Ég sá auglýst eftir fólki sem væri áhugasamt um að koma að stofnun símaþjónustu fyrir fólk í vanda sem síðar varð Vinalínan. Ég var einn af þeim sem vann forvinnuna og startaði henni. Ætla ekki að eigna mér hana en ég starfaði við hana um tíma og hef ekki náð að slíta mig frá Rauða krossinum síðan.“

Í ungmennastarfinu var Þór líka virkur í Rauðakrosshúsinu í Lækjargötunni og miðbæjarstarfi en mest kveðst hann þó hafa unnið í Húsavíkurdeildinni og sem stjórnarmaður í Rauða krossi Íslands. „Ég hef líka verið í samstarfi með Rauða krossinum erlendis, hélt til dæmis utan um verkefni Rauða krossins í Reykjavík í Gambíu. Fór í heimsókn til Gambíu en verkefnið var rekið héðan,“ lýsir hann.

Þór er menntaður M.Sc. í verkefnastjórnun frá Háskóla Íslands og með BA-gráðu í heimspeki, hagfræði og stjórn málafræði frá Háskólanum á Bifröst. Býst hann við að gera einhverjar breytingar á starfsemi Reykjavíkurdeildarinnar nú þegar hann er orðinn framkvæmdastjóri? „Eflaust verða einhverjar breytingar á starfsháttum. En mín störf og annarra starfsmanna deildarinnar snúast um að framfylgja stefnu stjórnarinnar sem er skipuð sjálfboðaliðum.“

Þór kveðst hafa hug á að efla sjálfboðastarfið. „Rauði krossinn á langa og mikla hefð í sjálfboðastörfum við hin ýmsu verkefni og stjórnun hér á landi en við þurfum að fá sjálfboðaliða inn í daglega starfsemi hreyfingarinnar í meiri mæli en nú er. Þannig er það víða erlendis.“

gun@frettabladid.is



FRAMKVÆMDASTJÓRINN „Ég hef líka verið í samstarfi með Rauða krossinum erlendis, hélt til dæmis utan um verkefni Rauða krossins í Reykjavík í Gambíu. Fór í heimsókn til Gambíu en verkefnið var rekið héðan,“ segir Þór.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Kynnast landi forfeðra og -mæðra

Fjórtán ungmenni frá Vesturheimi eru stödd á landinu á vegum Snorraverkefnisins. Þau dvelja hjá ættingjum sínum, ferðast um landið og upplifa ævintýri.

Hópur ungmenna frá Kanada og Bandaríkjunum er á Íslandi núna á vegum Snorraverkefnisins. Hann kom til landsins 15. júní og tók tvær fyrstu vikurnar þátt í náms- og menningardagskrá í samstarfi við Stofnun Arna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Þá tóku ættingjar ungmennanna við keflinu og hópurinn dreifðist um landið til þriggja vikna dvalar. Í flestum tilfellum var um að ræða staði sem formæðurnar eða -feðurnir fóru frá á sínum tíma. Meðal staða má nefna Akureyri, Sauðárkrók, Borgarfjörð eystri, Reyðarfjörð, Bolungarvík, Seyðisfjörð, Húnavatnssýslur og Borgarnes.

Eftir dvölinu hjá skyldfólkinu heldur hópurinn svo saman í vikulanga landkynningarferð sem að þessu sinni verður um Vesturland og Vestfirði með viðkomu á Vesturfarasetrinu á Hofsi.

Hópurinn hefur náð vel saman og meðal annars farið í dagsferð um Suðurland, í keilu, sund og flúðasiglingar og smakkað sviðasultu, kjötsúpu og slátur. Allt hefur þetta hjálpað ungmennunum að kynnast landinu sem forfeður þeirra og -mæður yfirgáfu. Þau halda svo aftur til síns heima 25. júlí.

-gun



AFKOMENDUR VESTUR-ÍSLENDINGA Hópurinn fór í dagsferð um Suðurland og hér er hann kátur við Seljalandsfoss.

MYND/ÁSTRÓF SIGNÝRÁRÐÓTTIR

→ Snorraverkefnið

Snorraverkefnið miðar að því að styrkja tengslin milli afkomenda Vestur-Íslendinga og annarra Íslendinga bæði hér á Íslandi og í Norður-Ameríku. Á hverju sumri er hér á landi tekið á móti 14 til 16 ungmennum af íslenskum uppruna. Verkefnið var sett á fót árið 1999 og er samstarfsverkefni Norræna félagsins og Þjóðræknisfélags Íslendinga.

+

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir og amma,
MARGRÉT ERLA BENÓNÝSDÓTTIR
 varð bráðkvödd á heimili sínu þann 29. júní. Hún verður jarðsungen frá Grafarvogskirkju fimmtudaginn 10. júlí kl. 13. Blóm og kransar afþökkuð. Þeim sem vilja minnst hennar er bent á samtökin Birtu, kt. 670514-1610, reikningsnr. 0331-26-001528.



Benóný Hilmar
Guðlaug Íris
Grétar Rafn
Sunneva, Sigurbjörn og Sonja

Bengtía María
Jón Ólafur

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið timamot@365.is.

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma 512 5000.

FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



MARC HELD

Marc Held er franskur hönnuður og arkitekt (f. 1932). Á sjöunda áratugnum hannaði hann þennan þekhta stól, High-back chair, fyrir fyrirtækið Knoll.

GÆÐI - ENDING - ÁNÆGJA



FALLEGIR FÆTUR

Það er gaman að vera með fallega og mjúka fætur á sumrin þegar tækifæri gefast til að vera í opnum skóm og sandölum.
MYND/GETTY

SILKIMJÚKIR FÆTUR HEIMA Í STOFU

HALLDÓR JÓNSSON EHF. KYNNIR Scholl Express Pedi er nýtt tæki á markaði sem fjarlægir harða húð á fótum fljótt og örugglega og áreynslulaust.

Hörð húð er eitt algengasta fótavandamál sem fólk glímir við. Hörð húð getur valdið óþægindum og með tímanum valdið miklum sársauka ef ekkert er gert til að fjarlægja hana. Regluleg fótaumhirða dregur úr myndun á harðri húð og kemur í veg fyrir að fætturnir verði fyrir óþægindum.

„Express Pedi er tæki sem fjarlægir harða húð á fótunum með þægilegum og öruggum snúningshaus. Tækið gengur fyrir batteríum sem fylgja með við kaup. Það er auðvelt í notkun og án

mikillar fyrirhafnar getur fólk fengið silkimjúka fætur heima í stofu hjá sér,“ segir Magðalena S. Kristjánsdóttir, vörumerkjastjóri hjá Halldóri Jónssyni ehf.

Scholl Express Pedi tækið er lítið og nett og auðvelt er að nota það. „Tækið vinnur vel á harðri húð og með reglulegri notkun má koma í veg fyrir myndun á henni. Beita þarf litlum krafti og tækið sér um að fætturnir verði vel slípaðir og mjúkir frá fyrstu notkun. Það besta er einmitt að árangurinn er sjáanlegur strax,“ segir Magðalena.

„Gerðu Express Pedi hluta af þinni reglulegri fótaumhirðu og fætturnir verða eins og slípaður demantur. Þetta er líka fljótleg og auðveld leið til að halda fótunum sléttum og mjúkum.“

Scholl Express Pedi fæst í apótekum. Hægt er að kaupa áfyllingar í tækið.

SCHOLL EXPRESS PEDI

Express Pedi er nýtt tæki sem fjarlægir harða húð af fótum á einfaldan hátt.



Er vagninn rafmagnslaus?



Frístunda rafgeymar í miklu úrvali

SKORRI
TUDOR SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM TUDOR

Bíldshöfði 12 · 110 Rvk · 5771515 · skorri.is

GERÐU GÆÐA - OG VERÐSAMANBURÐ

Loksins alvöru svefnsófar



Svefnsófi Cube 90 Deluxe
Stærð svefnflatar 90x200 cm
Litir: Ljóst / dökkt
Verð aðeins kr.
149.900



Svefnsófi Cube 140 Deluxe
Stærð svefnflatar 140x200 cm
Litir: Ljóst / dökkt
Verð aðeins kr.
199.900




Svefnsófi Supramax Deluxe

Stærð svefnflatar 155x200 cm
Litir: Ljóst / dökkt
Verð aðeins kr.

249.900

12 mán. vaxtalaugar greiðslur - 3.5% lántökugjald



18 cm
poka-
gormakerfi
Komdu og
prófaðu!

Svefn & heilsa

★★★★★

Lísthúsinu Laugardal - Sími 581 2233
Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150
Opíð virka daga kl. 10:00 - 18:00
Laugardaga 12:00 - 16:00

www.svefn.is

Umboðsaðilar: Húsgagnaval - Höfn í Hornafirði | Lúxus húsgögn - Egilsstöðum



HÖNNUN Ragnar Freyr Pálsson safnar íslenskri hönnun inn á síðuna www.designfromiceland.com.
MYND/ARNÞÓR

KEMUR ÍSLENSKRI HÖNNUN Á FRAMFÆRI

Ragnar Freyr Pálsson segir myndræna framsetningu á verkum hönnuða lykilatriði. Ragnar stýrir síðunni designfromiceland.com.

Markmið síðunnar er að búa til áreiðanlegan gagnagrunn yfir íslenska hönnuði og safna inn vel framsettri hönnun, í von um að úr verði hálf-gert „super-portfolio“, útskýrir Ragnar Freyr Pálsson en hann heldur utan um síðuna www.designfromiceland.com.

Ragnar er sjálfur grafískur hönnuður og hefur brennandi áhuga á hvers konar hönnun. Hann hafði lengi ætlað að setja upp síðu sem þessa og segir myndræna framsetningu lykilatriði.

„Það er ekki nóg að hanna fallegan hlut heldur þarf að koma honum fallega frá sér og hanna í raun alla framsetningu líka. Það má segja að dulið markmið síðunnar sé að koma myndrænni framsetningu á íslenskri hönnun á hærra plan, hún skiptir svo miklu máli.“

Ragnar hefur fengið góð viðbrögð við síðunni en henni er hægt



að fylgja á Tumblr. Þá styrkir verslunin Épal síðuna og útilokar Ragnar ekki að hún eigi eftir að vinna upp á sig.

„Hönnuðir geta sent á mig ábendingar og verk og svo er á teikniborðinu að bæta jafnvel inn á síðuna viðtölum, myndböndum og greinum.“

-rat



HEILLAÐIST AF VERKUM GUÐJÓNS María Rut Dýrfjörð rannsakaði byggingar Guðjóns Samúelssonar og vann upp úr þeim munsturlínuna HulduHeimur.
MYND/AUDUNN NIELSSON

GUÐJÓN SAMÚELSSON Í METRATALI

ÍSLENSK HÖNNUN María Rut Dýrfjörð vann munsturlínu út frá byggingum Guðjóns Samúelssonar. Næsta munsturlína hennar verður byggð á blómum.

Mig langaði mikið að gera munsturlínu og skoðaði mikið byggingar Guðjóns Samúelssonar. Ég heillaðist af verkum hans, ljósmyndaði húsin í bak og fyrir og skoðaði teikningar. Munstrin eru unnin út frá völdum byggingum,“ útskýrir grafíski hönnuðurinn María Rut Dýrfjörð en hún kynnti munsturlínu sína HulduHeimur á liðnum HönnunarMars.

Munsturlínan er útskriftarverkefni hennar úr Myndlistaskólanum á Akureyri en María útskrifaðist fyrir ári. Línan inniheldur sex munstur í tveimur litapallettum, Grátóna og Litadýrð. Við fyrstu sýn þekkjast byggingarnar ekki í munstrunum en María segir það ekki hafa verið tilganginn.

„Ég vildi ekki gera hús á efni heldur fanga yfirbragð bygginganna og form. Grátóna litapallettan er dregin beint úr byggingum Guðjóns en þær einkennir flestar klæðning úr grjótmulningi, dökkgrár er einkenni Þjóðleikhússins en Akureyrarkirkja

er ljósari. Bak við Litadýrð er þó engin vísindaleg þæling önnur en sú að mig langaði að gera fallega liti á móti grátónunum, sem færu vel við heimili mitt og annarra.“

Munstrin lætur María prenta á efni í metrávis og á gjafapappír og einnig er hægt að sérpanta veggfóður úr munsturlínunni. María hefur framleitt púða með munstrunum og á döfinni er að prenta munstrin á rúmföt.

Þá er María þegar farin að huga að næstu munsturlínu. Sú lína verður líklega gerólík HulduHeimur þar sem innblásturinn verður sóttur í náttúruna.

„Ég færi mig úr steinsteypu yfir í blómin en ég verð með sýningu á útsaumsverkum á Akureyrarvöku, þann 28. ágúst. Myndefnið er flóra Íslands. Ég stefni á að vera klár með munsturlínu upp úr útsaumsverkunum á næsta HönnunarMars.“

Nánar má forvitnast um hönnun Maríu Rutar á www.mariacreativestudio.com.

FJÓLBREYTT ÚRVAL AF HURÐUM, FRAMHLIÐUM, KLÆÐNINGUM OG EININGUM, GEFA ÞÉR ENDALAUSA MÖGULEIKA Á AÐ SETJA SAMAN ÞITT EIGIÐ RÝMI.

25% AFSLÁTTUR

SJÓÐHEITT SUMARTILBOÐ
25% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM
ELDHÚSINNRETTINGUM ÚT JÚLÍ

Fritform
friform.is

Askalind 3 • 201 Kópavogur • Sími: 562 1500 • Opið: Mán. - fim. kl. 09-18 / Fös. 9-17 - Lokað á laugardögum í sumar



ARKITEKTÚR Við fyrstu sýn þekkjast byggingarnar ekki í munstrinu en María reyndi að fanga yfirbragð þeirra og form.
MYND/AUDUNN NIELSSON

FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: 365 miðlar | Ábyrgðarmaður: Jón Laufdal | Hönnun: Silja Ástþórsdóttir
Sölumenn: Bryndís Hauksdóttir, bryndis@365.is, s. 512 5434
Kolbeinn Kolbeinsson, kolli@365.is, s. 512 5447

RAFBÆKUR OG LESBRETTI

MÁNUDAGUR 7. JÚLÍ 2014

Kynningarblað Lestur, tækni, iPad, spjaldtölvur, ástarsögur, bókaútgáfan Björt, vefsíður.



Ólafur Sólímán aðstoðar fyrirtæki og stofnanir við að innleiða og nota iPad-spjaldtölvur hjá Epli.is.

MYND/ARNÞÓR

Möguleikarnir sífelldu að aukast

Tölvan iPad er vinsælasta spjaldtölva heims. Það ber að þakka þægilegu og einföldu notendaviðmóti. iPad tekur vel á móti eiganda sínum, kemur að góðu gagni í námi og starfi, og er frábær félagi í frístundum. Þá er leikur einn að læra á iPad og tileinka sér fjölbreytta eiginleika spjaldtölvunnar.

epli.is

Það hefur verið magnað að fylgjast með þessu; allt í einu kom tæki sem virðist geta allt," segir Ólafur Sólímán hjá Epli.is.

Ólafur hefur á undanförunum árum aðstoðað fyrirtæki og stofnanir við að innleiða og nota iPad-spjaldtölvur, sem eru þær vinsælustu í heimi.

„iPad hefur algjöra sérstöðu á markaðnum og það er ekki síst að þakka þægilegu og einföldu notendaviðmóti. Við heyrum af eldra fólki sem snerti ekki tölvur áður en er nú með barnabörnunum á netinu og í hinum og þessum öppum.“

iPad er vinsamlegt augum

Nýjustu gerðir iPad eru með Ret-

ina-skjá sem vísar til þess að sjóna augans greinir ekki muninn á skjá og pappír.

„Við það að horfa á Retina-skjá þreytast augun ekki eins og við að horfa á venjulegan tölvuskjá. Þá hefur möguleikinn til að stækka og breyta lettri mikið að segja við lestur og einnig er hægt að stilla letrið á sérstaka næturstillingu (e. night mode) en þá les maður hvítan texta á svörtum bakgrunni," útskýrir Ólafur.

„Það eru einmitt hlutir sem þessir sem gera að verkum

að eitthvað nýtt bætist við það sem áður var hægt að gera.“

iPad er vistvæn og vinnusöm

Að sögn Ólafs kemur iPad nú fjölmörgum nemendum til hjálpar í námi enda sé iPad að verða algengt verkfæri í skólastarfi.

„Möguleikarnir eru óþrjót-

andi og þannig er iPad allt í einu: myndavél, upptökuvél, tölva og vinnutæki.“

iPad-spjaldtölvun hefur einnig komið sterk inn hjá fyrirtækjum sem vilja minnka pappírnotkun og verða umhverfisvænni.

„Nú er orðið algengt að sitja fundi þar sem flestir sitja með iPad í stað fartölvu. iPad er einnig tilvalin fyrir sölufólk, kynningar, eftirlitsstörf og fleira. Fjöldi appa hjálpar svo til við að auðvelda vinnuflæðið, eins og öpp sem nota mynda-

vélina til að skanna inn skjöl og gefa þar hefðbundnum skönum ekkert eftir.“

Ólafur segir iPad-innleiðingu fyrirtækja vera fljóta að borga sig sé horft til minna pappírflæðis og kostnaðar þar að lútandi.

„Í nýjasta stýrikerfinu, sem kemur í ágúst, verður svo einfaldara að skiptast á skjölum og skráum við önnur tæki en áður, og því enn meiri pappír sem sparast á skrifstofunni.“

Auðvelt að læra á iPad

Vinsældir iPad stafa af margvíslegu notagildi og breiðum notendahópi sem á auðvelt með að læra á spjaldtölvuna.

„Möguleikarnir eru líka sífelldu að aukast og hafa Íslendingar verið duglegir að tileinka sér þessa nýju tækni og nýta hana á þann hátt sem hentar best," segir Ólafur.

Skoðið allt um iPad á epli.is og í verslunum Epli.is á Laugavegi 182 og í Smáralind.





Preyta í úlnliðum og augum við lestur

Huga þarf að líkamsbeitingu við hvers konar tölvunotkun. Með tilkomu spjaldtölva og snjallsíma reynum við á úlnliði, augu og fingur. Eftirfarandi ráð má nýta til að forðast preytu og eymsli.

Leggirðu spjaldtölvuna flata fyrir framan þig reynir það um of á hálsinn. Stillirðu henni alveg lóðrétt upp reynir það um of á úlnliðina ef stimpla þarf á lykklaborðið.

Best er að leggja spjaldtölvuna í 30 gráðu halla fyrir framan sig við lestur og skrif. Ef einungis á að lesa má stilla spjaldtölvunni í halla þannig að þægilegt er að horfa á skjáinn.

Stækkið letrið til að reyna ekki um of á augun. Athugið einnig að stilla birtustigið á skjánum og jafnvel lit.

Ekki pikka fast á lykklaborðið á spjaldtölvunni og haldið úlnliðunum beinum og slökum.

Við lestur uppi í sófa eða uppi í rúmi fyrir svefn gæti verið sniðugt að fjárfesta í þar til gerðum spjaldtölvustandi, eða baunasekk til stilla spjaldtölvunni upp á. Þannig má komast hjá preytu í úlnliðum.

Ástarsagnadrottning

Í hartnær 30 ár hafa Íslendingar notið þess að sökkva sér niður í eldheitar ástar- og örlagasögur Rauðu seríunnar sem einnig eru gefnar út á rafbókaformi.

Rauða serían varð til í kreppunni árið 1985. Þá vantaði okkur vinnu í Ásprenti á Akureyri,“ segir Rósa Guðmundsdóttir, eigandi Ásútgáfunnar sem undanfarin 29 ár hefur séð Íslendingum fyrir ástar-, spennu- og örlagasögum af bestu gerð.

„Viðtökurnar voru strax góðar og landsmenn tóku Rauðu seríunni fagnandi,“ segir Rósa um bókakostinn sem samanstóð fyrst af ástarsögum en svo bættust við sjúkrasögur, örlagasögur og sögur um ástir og afbrot, ástir og undirferli, og ástir og óvissu.

Rósa gerði útgáfusamning við kanadíska alheimsútgáfuna Harlequin Enterprises sem sendir til hennar sextíu bókartitla í hverjum mánuði.

„Sjálft les ég allar bækurnar og vel úr þær bestu. Ef bókin er ekki orðin spennandi á fimmtánda blaðsíðu tek ég hana ekki með. Stundum geymi ég bókartitla í eitt til tvö ár, til að ná úr þeim góðri seríu, því Íslendingar eru ættfræðingar í eðli sínu og njóta þess að fylgjast með afkomendum og afdrifum söguhetjanna,“ upplýsir Rósa um snjallræði sem alheimsútgáfan vestra hefur nú einnig tekið upp, við miklar vinsældir eins og hér heima.

Í hverjum mánuði gefur Ásútgáfan út sex prentaðar bækur og sex rafbækur í Rauðu seríunni.

„Markmiðið er að gefa út ódýrar og góðar bækur sem koma alltaf út fyrsta dag mánaðarins. Lesendur geta þá treyst því að fá vel þýdda og góða lesningu í hendur því góð þýðing er gulls ígildi.“

Mánaðarleg útgáfa Rauðu seríunnar selst í þúsundtali. Á vefsíðu Ásútgáfunnar koma rafbækur út sama dag og þeim er dreift í verslanir, en á enn betra verði og hægt að eignast eldri og nú fágætar bækur seríunnar.

„Ég hef alltaf haft skýra framtíðarsýn og látið úrtölur annarra verða mér að hvatningu. Í upphafi þótti flestum hugmyndin um ástarsögurnar fráleit og enn fáránlegri þótti hugmyndin um rafbækurnar sem ég byrjaði að selja árið 2010. Mér þykir gott að synda á móti straumnum og veit að hugmyndin er góð þegar aðrir hrista hausinn,“ segir Rósa hlæjandi.



Rósa Guðmundsdóttir, eigandi Ásútgáfunnar, segir lesendur Rauðu seríunnar gjarnan hringja spennu í lok mánaðar til að vita hvort bækurnar komi kannski aðeins fyrr út ef helgi lendir á milli mánaðamóta. MYND/ARNÞÓR

Lesendur Rauðu seríunnar eru á öllum aldri. „Unglingarnir byrja í bókahillunum hjá ömmu og lesa svo áfram í rafbókaformi. Þá sendum við rafbækur í tölvupósti til eldri borgara sem ekki kunna að hlaða niður rafbókum en geta bjargað sér með tölvupóst og Íslendingar í útlöndum kaupa sér frekar rafbækur því það er dýrt að senda innbundnar bækur í pósti.“ Skoðið úrvalið á www.asutgafan.is.

Divergent: Vinsælasta rafbók HarperCollins

Þrátt fyrir ungan aldur stendur bókaútgáfan Björt að útgáfu einna vinsælustu ungmennabóka HarperCollins og allra vinsælustu rafbóka sem útgáfurisinn hefur sent frá sér; Divergent-þríleiknum eftir Veronicu Roth.

Bókabeitan er vaxandi útgáfufyrirtæki sem leggur áherslu á að gefa út vandaðar barna- og unglingsbækur. Bókaútgáfan Björt, sem heyrir undir Bókabeituna, gefur út bækur fyrir ungmenni og fullorðna, svokallaðar Young Adult-bækur. Báðar útgáfur leggja áherslu á að allar bækur þeirra komi jafnframt út á rafrænu formi fyrir allar helstu gerðir lesbretta.

Íslenskar rafbækur fyrir alla

Það er afar mikilvægt að nóg sé til af vönduðu lesefni á íslensku, bæði þýddu og frumsömdu. Svo virðist sem sífellt fleiri ungmenni og ungt fólk snúi sér að bókum á ensku þar sem úrvalið á íslensku er takmarkað, sérstaklega af rafrænu efni. „Við höfum til dæmis látið þýða eina vinsælustu og mest seldu rafbók útgáfurisans HarperCollins,“ segir Birgitta Elín Hassell, annar eigenda útgáfunnar. „Divergent-bókaflokkurinn, eða Afbrigði eins og hann heitir á íslensku, hefur setið á toppi erlendra rafbókalista nánast sleitulaust frá því bækurnar komu fyrst út.“

Rafbókin frí með

Bókabeitan var stofnuð með það að markmiði að ýta undir lestur barna og unglinga og einn liður í því er útgáfa rafbóka. „Við teljum að komandi kynslóðir muni lesa jafnmikið, ef ekki meira, af rafrænu efni og því mikilvægt að þeim bjóðist vandað lesefni á íslensku á hverju því formi sem lesendurnir kjósa sér. Þetta var ein ástæða þess að við ákváðum að gefa fríar rafbækur með öllum íslenskum bókum í fyrri sem lið í að kynna þennan lestrarmáta.“ Ókeypis rafbók fylgir bókum íslenskra höfunda sem Bókabeitan gaf



Bækur Birgittu Elínar og Mörtu Hlínar Magnadóttur, Rökkurhæðir, eru fánlegar á Amazon.

út 2013 – þar á meðal Rökkurhæðir: Gjöfin og nýjasta ævintýri Kamillu Vindmyllu. Innan í hverri bók er miði með sérstökum kóða. Eigandi bókarinnar fer inn á vefinn bokabeitan.is, velur bókina sína á rafrænu formi og slær inn kóðann til að fá rafbókina frítt.

Íslenskar rafbækur á Amazon

Svo er Bókabeitan fyrsta bókaútgáfan sem selur íslenskar rafbækur á Amazon og er öll útgáfa fyrirtækisins aðgengileg þar. „Rannsóknir sýna að á 60% heimila í landinu eru Kindle-lesbretti á og því mikilvægt að bjóða íslenskar bækur fyrir Kindle-eigendur.“ Til þess að fá upp bækurnar sem Bókabeitan og Björt gefa út er hægt að slá inn „íslenskar bækur“ í leitargluggann á Amazon. „Enn sem komið er eru Afbrigði og Andóf, fyrstu tvær bækurnar í Divergent-bókaflokknum, vinsælustu rafbækurnar,“ segir Birgitta að lokum.



★★★★★
- Samkvæmt 840.000 notendum GoodReads!

Framhald Divergent-kvikmyndarinnar!

Önnur bókin í hinum geysivinsæla Divergent-bókaflokki er nú komin út í kilju.

Fæst hjá öllum betri bóksölum!

eBækur IDA Forlagið Örnita.is Eymislandið amazon

Björt BÓKAÚTGÁFA

www.bjortutgafa.is

heimili FASTEIGNASALA



Bogi Pétursson
lögg. fasteignasali



Finnþogi Hilmarsson
lögg. fasteignasali



Gústaf Adolf Björnsson
lögg. fasteignasali



Stefán Már Stefánsson
sölufultrúi



Guðbjörg G. Blöndal
lögg. fasteignasali



Ásdís Írena Sigurðardóttir
skjalagerð



Brynjólfur Snorrason
sölufultrúi

Finndu okkur á Facebook

530 6500

Suðurlandsbraut 22 | Opið mán. – fös. frá kl. 9–17 | www.heimili.is

530 6500

FASTEIGNASALAN BÆR
www.fasteignasalan.is

Elin Viðarsdóttir Lögg. fasteignasali

Eiríksgata 15 íb. 401 26,5m
Opið hús þriðjudaginn 8. júlí kl. 17:00-18:00

Lækkað verð :)

Vantar eignir á skrá Fritt verðmat

- Rúmgóð 3ja herbergja rishæð
- 76m² + 11,4m² geymsla, = 87,4m²
- Góðir kvistir
- Sérlega rúmgóð herbergi
- Mikið skápláss
- Eldhús endurnýjað
- Nýleg (2001) fristandandi geymsla hiti/rafmagn

elin@fasteignasalan.is Sími: 695 8905



Húsið stendur á afar fallegum stað með frábæru útsýni yfir Elliðaavatn.



Sveitasæla í miðri borg

Valhöll fasteignasala hefur til sölu fokhelt hús í Hólmapingi við Elliðaavatn.

Húsið er hið glæsilegasta og stendur á byggingarlóð sem er með þeim fallegri á höfuðborgarsvæðinu. Það stendur í skógarrjóðri með einstöku útsýni yfir Elliðaavatn.

Húsið er opið, bjart og skemmtilegt með mikilli lofthæð, samtals 230,5 fm. Aðkoma er frá Elliðahvammisvegi.

Gengið er inn í rúmgott anddyri. Á hægri hönd verður gestasalerni og gengið inn í 23,5 fm bílskúr. Inn af bílskúr verður 7,4 fm geymsla. Á vinstri hönd úr anddyri er 20,6 fm vinnuherbergi eða barnaherbergi. Gengið er upp hálfra hæð í bjarta og opna 56,2 fm stofu/eldhús með mikilli lofthæð og gert er ráð fyrir arni. Þaðan er gengið út í afar fallegan gróinn garð í skógarrjóðri. Gengið er upp hálfra hæð í glæsilega efri stofu með mögnuðu út-

sýni yfir Elliðaárvatn. Þaðan er útgengt á 20 fm svalir. Á sömu hæð verða einnig skv. teikningu tvö barnaherbergi eða fjölskylduherbergi, þvottahús og glæsileg hjónasvita með baðherbergi. Lóðin er 1.012 fm.

Allar frekari upplýsingar veitir Þórunn Pálsdóttir sölufultrúi/byggingarverkfræðingur, MBA í síma 773-6000 eða thorunn@valholl.is. Verð: 49,9 milljónir.

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is



Fasteignasala Mosfellsbæjar

Einar Páll Kjærnested lögg. fasteignasali. einar@fastmos.is



KJARNNA - PVERHOLTÍ 2 • 270 MOSFELLSBÆ • SÍMI: 586 8080 • FAX: 586 8081
WWW.FASTMOS.IS

Gerplustræti 25-27 - 270 Mosfellsbær

Allt að 90% fjármögnun



Glæsilegar 4ra og 5 herbergja íbúðir í lyftuhúsi við Gerplustræti 25-27 í Mosfellsbæ. Íbúðirnar eru fullbúnar með eikarparketi og flisum, vönduðum tækjum og glæsilegum innréttingum frá GKS. Sérstæði í bilageymslu fylgir öllum íbúðum. Rúmgóðar suðursvalir og sérgarður á 1. hæð. Glæsilegt útsýni. Stærðir frá 129 til 152 fm. Verð frá. 35,5 m.

Nýjar íbúðir Lausar strax

Dvergholt 11 - 270 Mosfellsbær



Glæsilegt 259,4 m² einbýlishús á tveimur hæðum með aukaíbúð í kjallara á 965 m² lóð við Dvergholt 11 í Mosfellsbæ. Sérlega glæsilegur garður með stórum veröndum, heitum potti, geymsluskúr og garðhúsi í stóru tré. Stutt í alla þjónustu og skóla. V. 59,5 m.

Súluhöfði 31 - 270 Mosfellsbær



Mjög fallegt 229,5 m² einbýlishús á einni hæð, þar af er 42,5 m² tvöfaldur bílskúr við Súluhöfða í Mosfellsbæ. Stórt bílplan og suðvestur pallur með heitum potti. V. 65,4 m.

Prastarhöfði 6, - 270 Mos.



Mjög rúmgóð og falleg 116,1 m², 4-5 herb. íbúð á efstu hæð í 3ja hæða fjölbýli með fallegu útsýni. Íbúðin skiptist í forstofu, þvottahús, baðherbergi, þrjú svefnh., eldhús, stofu og borðstofu. Íbúð 305 V. 33,9 m.

Klapparhlíð 24 - 270 Mos.



Mjög falleg 97,0 m², 4ra herbergja endaíbúð á 2. hæð í 3ja hæða fjölbýli. Vinsæll staður stutt í skóla, leikskóla sund og líkamsrækt. Einnig er stutt á golfvöllinn. V. 30,9 m.

Klapparhlíð 26 - 270 Mos.



Mjög falleg 99,0 m², 3-4ra herbergja endaíbúð á 2. hæð í 2ja hæða fjölbýli íbúð merkt 02-04, við Klapparhlíð í Mosfellsbæ. Eignin skiptist í tvö svefnh. (þrjú á teikningu), baðherbergi, þvottahús, forstofu, eldhús, stofu og borðstofu. Íbúðinni fylgir sérgeymsla á hæðinni. Íbúð 204 V. 32,5 m.

Stakkhamrar 27 - 112 Reykjavík



Laus strax

Fallegt og vel skipulagt 167,3 m² einbýlishús með innbyggðum bílskúr við Stakkhamra 27 í Grafarvogi. Hellulagt bílplan og garður með timburverönd í suðvestur. Eignin skiptist í 3-4 svefnherbergi, forstofu, baðherbergi, þvottahús, eldhús, stofu, borðstofu og bílskúr með góðu geymslulofti. V. 49,9 m.

Sólvallagata 63 - 101 Reykjavík



Einstaklega glæsilegt 233,4 m² einbýlishús á þremur hæðum með bílskúr við Sólvallagötu 63 í Reykjavík. Húsið hefur fengið gott viðhald og verið mikið endurbætt á vandaðan hátt á undanförunum árum. Verð kr. 87.500.000.

Sogavegur 122 - 108 Reykjavík



Laus strax

Fallegt 187,8 m² einbýlishús með innbyggðum bílskúr við Sogaveg 122 í Reykjavík. Eignin er laus til afhendingar strax. Eignin er skráð 187,8 m², þar af íbúð 151,8 m² og bílskúr 36 m². Afgirt timburverönd með heitum potti. V. 49,7 m.

BYGGINGARLÓÐIR TIL SÖLU

Einbýlishúsaloðir við Skálahlíð og lóðir undir einbýlishús, par- og raðhús og lóðir undir fjölbýlishús í landi Helgafells og Leirvogstungu.

Allar nánari upplýsingar gefur Einar Páll Kjærnested í síma 586 8080.



Jón Guðmundsson
Lögg. fasteignasali
jon@fastmark.is



Guðmundur Th. Jónsson
Lögg. fasteignasali
gtj@fastmark.is



Elías Haraldsson
Lögg. fasteignasali
elias@fastmark.is



Gísli Rafn Guðfinnsson
Sölumaður
gjli@fastmark.is



Elín D. Wyszamirski
Lögg. fasteignasali
elin@fastmark.is



Hallveig Guðnadóttir
Skrifstofustjóri
hallveig@fastmark.is

Óðinsgötu 4, Sími 570 4500, opið virka daga kl 9 – 17.

Netfang: fastmark@fastmark.is – www.fastmark.is

Í TRAUSTUM HÖNDUM Í ÁRATUGI

Sumarhús. Úthlið - Biskupstungur



Fallegur 52,3 fm. sumarhúsi ásamt 19,8 fm. geymslu/gestahúsi eða samtals 72,1 fm. með 140 fm. viðarverönd á frábærum staði í Úthlið í Biskupstungum. Húsið er á 7.924 fm. kjarri vöxnu eignarlandi og er einstakt útsýni úr honum til allra átta. Geymslan/ gestahúsið er fullbúið að utan en fókheilt að innan og er í dag notað sem geymsla og vinnustofa. Húsið er klæddur bandsagaðri gagnvarnirinnu furu, standandi. Heitur pottur á verönd.

Verð 19,7 millj.

Viðjagerði



Glæsilegt 290,8 fm. einbýlishús á tveimur hæðum með innb. bílskúr. Húsið er í mjög góðu ástandi hið innra og er afar bjart og vel skipulagt. Mjög fallegur stálstigi er á milli hæða og er hann með viðarþrepum. 6 svefnherbergi, 3 baðherbergi og glæsilegar stórar stofur eru m.a. í húsinu. Aukin lofthæð á efri hæð. Viðhaldslítil lóð með veröndum til suðurs og vesturs.

Verð 89,5 millj.

Laugavegur 51. Skrifstofuhúsnæði



Til leigu glæsilegt og algjörlega endurnýjað 161,0 fm. skrifstofurými á 2. hæð við Laugavegin. Nýtt eldhús með nýjum tækjum, ný salerni og ný gólfefni. Hæðin er öll nýmálúð að innan með nýjum loftljósum. Eitt sér bílastæði á baklóð fylgir rýminu. Laust til afhendingar nú þegar.



Nýbýlavegur – Kópavogi. Gistiheimili í fullum rekstri



Nýlega uppgert (2010) 277,3 fermetra gistiheimili með 10 herbergjum fyrir 23-24 manns í mjög vel staðsettu húsnæði Dalbrekkumegin við Nýbýlaveg í Kópavogi. Húsnæðið er með 7 tveggja manna herbergjum, 2 þriggja manna herbergjum og einu 3-4 manna herbergi með sér baðherbergi, flisalögðu með sturtuklefa. Frábært tækifæri til að hefja eigin rekstur. Reksturinn hefur fengið verðlaun bæði fyrir þjónustu og hreinlæti. Stöðug aukning ár frá ári. Allar nánari upplýsingar veittar á skrifstofu.

3JA HERBERGJA



BLÖNDUHLÍÐ.

- Mikil endurnýjuð 63,5 fm. risibúð í Hlíðunum.
- Nýlegt eldhús. Nýlegt baðherbergi. Ný gólfefni.
- Aukaherbergi í risi þar sem áður voru geymslur.
- Sér merkt bílastæði fylgir.

27,9 millj.

3JA HERBERGJA



RÚGAKUR – ÍBÚÐ MEÐ SÉRINNGANGI.

- Glæsileg 142,9 fm. íb. á 1. hæð að meðt. 24,5 fm. geymslu.
- Stórar svalir til suðurs. Sér staði í bilageymslu.
- Fataherbergi innaf hjónaherbergi.
- Frábær staðsetning. Stutt í skóla og leikskóla.

44,9 millj.

Nýhöfn 2-6, Sjálandi Garðabæ. Nýjar 4ra herbergja íbúðir.



Glæsilegar íbúðir í 3ja hæða nýju fjölbýli í Sjálandinu við smábátahöfnina. Sjávarútsýni er frá stofum og eldhúsum í öllum íbúðum. Um er að ræða íbúðir frá 123,5 fm. upp í 152,6 fm. ásamt lokaðri og upphitaðri bilageymslu. Íbúðirnar eru ýmist með góðum svölum eða stórum timburveröndum. Íbúðirnar verða afhentar án gólfefna, þó verða flisar á baðherbergjum og þvottahúsum.

Staðsetning er frábær við sjávarsíðuna í Garðabæ og stutt í frábær útivistarsvæði, sem og alla þjónustu. Byggingaraðili: Byggingarfélag Gyfa og Gunnars



RJÚPNASALIR - KÓPAVOGI. 2JA – 3JA

- 93 fm. útsýnisíbúð á 10. hæð í Salarhverfinu.
- Yfirbyggðar svalir í suðaustur.
- Möguleiki að stúka af gott herbergi í hluta stofu.
- Einstakt útsýni er úr íbúðinni.

28,5 millj.



LAUFRIMI - REYKJAVÍK.

- Falleg og vel skipulögð 88,7 fm. íbúð á neðri hæð.
- Sérinngangur og sér garður.
- Sér þvottaherbergi. Rúmgóð svefnherbergi.
- Verönd til suðvesturs. Skóli og leikskóli í göngufærni.

24,9 millj.

4RA- 6 HERBERGJA



LAXAKVÍSL - 5 HERB. ENDAÍBÚÐ.

- Mjög falleg 131,7 fm 5. herbergja endaíbúð á 2. hæð í lágreistu fjölbýli. Aðeins fjórar íbúðir í húsinu. Íbúðinni fylgir 25,7 fm bílskúr sem stendur sér í lengju. Samtals 157,4 fm. Nýlega endurnýjað baðherbergi. Eldhús með fallegri innréttingu úr birki. Endahús í botnlanga.

Verð tilboð


4RA- 6 HERBERGJA



KEILUGRANDI - ÍBÚÐ Á EFSTU HÆÐ.

- Mjög góð 106,0 fm. íbúð á efstu hæð (4. og 5. hæð) ásamt sér staði í bilageymslu í vesturbæ Reykjavíkur. Útsýni til sjávar úr eldhúsi og stofu. Stofa með góðri lofthæð og svölum til suðurs. Tvö baðherbergi, bæði flisalögð. Fjögur herbergi. Skipt var um alla þakplugga árið 2006.

42,0 millj.



STALLASEL

Stallasel - Reykjavík. Einbýlishús á útsýnisstað.

377,1 fm. einbýlishús sem er tvær hæðir auk kjallara að meðtöldum 41,7 fm. innbyggðum tvöföldum bílskúr. Sér íbúð er í kjallara. Rúmgóð stofa og borðstofa. Eldhús með eikarinnréttingu. Fimm herbergi. Gengið út á svalir/bílskúrþak af stigapalli. Í kjallara eru auk sér íbúðar herbergi/hobbýherbergi og góðar geymslur. Húsið er afar vel staðsett í enda götu og nýtur mikils útsýnis af báðum hæðum. Lóðin er ræktuð 800,0 fm. að stærð. Verð 64,9 millj.



MÓAFLÖT

Móaföt – Garðabæ

Glæsilegt 210,4 fm. einbýlishús á einni hæð að meðt. 48,8 fm. innréttaðum bílskúr. Húsið var nánast allt endurnýjað hið innra og ytra fyrir ca. 5 árum síðan. Gólfefni eru ný og gólfhitalagnir í öllu húsinu. Allar innréttingar, innihurðir, eldhús, baðherbergi og lýsing í loftum eru endurnýjuð. Rúmgóð setustofa, borðstofa og stór skáli opin við stofu. Hjónasvita með miklum fataskápum. Hús eingrað uppá nýtt að utan og klætt með flisum. 1.046 fm. gróin lóð með verönd til suðurs og fallegri lýsingu. Verð tilboð.

Vegna mikillar sölu óskum við eftir öllum stærðum og gerðum eigna á söluskrá. Skoðum og metum samdægurs. Sanngjörn sölubóknun.

Erluás 84- Hafnarfirði.



Eignin verður til sýnis á morgun, þriðjudag, frá kl. 17.30-18.00

Glæsilegt 267,0 fm. einbýlishús á tveimur hæðum á frábærum útsýnisstað neðst í Erluási á Hafnarfirði. Verulega aukin lofthæð er á efri hæð hússins, eða allt að 6,0 metrar og innfelld lýsing í loftum. Griðarlega fallegt útsýni af efri hæð og af verönd útaf neðri hæð hússins. Bjartar og glæsilegar stofur. Mögulegt er að hafa allt að 5 svefnherbergi í húsinu. Lóðin er með stórra hellulagðri innkeyrslu og stéttum fyrir framan hús. Stór og skjólgóð viðarverönd er vestan við húsið og heitur pottur á henni.

Verð 69,9 millj.

Verið velkomin.

17. Júnítorg 1 – Sjálandi Garðabæ. 2ja – 3ja herbergja útsýnisíbúð



Eignin verður til sýnis á morgun, þriðjudag, frá kl. 17.30-18.00

Glæsileg 119,8 fm. 2ja - 3ja herbergja útsýnisíbúð á efstu hæð í Sjálandi í Garðabæ auk sér stæðis í lokaðri og uppþitaðri bílageymslu. Íbúðin er innréttuð á vandaðan og smekklegan hátt. Rúmgóðar stofur, eitt svefnherbergi og sjónvarpshol. Auðvelt er að gera auka svefnherbergi í íbúðinni. Flisalagðar svalir til suðurs og vesturs. Húsið stendur rétt við þjónustumiðstöðina í Jónshúsi og við hliðina á hjúkrunarheimilinu.

Verð 43,9 millj.

Íbúð merkt 0603. Verið velkomin.

SÉRBÝLI



KALDALIND-KÓPAVOGI.

Stórglæsilegt og vel skipulagt 232,0 fm. einlyft einbýlishús á glæsilegri gróinni lóð með stórum veröndum á frábærum útsýnisstað. Húsið er arkitektateiknað að utan af Sigurði Hallgrímssyni og að innan af Guðbjörgu Magnúsdóttur. Eignin er innréttuð úr vönduðum byggingarefnum og mikið er af föstum innréttingum. Allar innréttingar og parket eru úr rauðeik. Innihurðir eru extra háar.

86,9 millj.

SÉRBÝLI



VATNSENDABLETTUR- KÓPAVOGI.

Glæsilegt 300,6 fm. einbýlishús á tveimur hæðum á frábærum stað alveg niður við Elliðavatn. Arkitekt er Kristinn Ragnarsson og innanhússarkitekt er Guðbjörg Magnúsdóttir. Mikil lofthæð á efri hæð. Sérsmíðaðar innréttingar í eldhúsi og borðstofu. Lóðin er mikið til villt og hefur verið látin halda sér að mestu. Frábært tækifæri fyrir t.d. hestaáhugafólk. Glæsilegt og vandað hús.

99,0 millj.

4RA- 6 HERBERGJA



HRÍSMÓAR- GARÐABÆ. 6 HERB. Á EFSTU HÆÐ

Mjög fin og björt 145,2 fm. íbúð á efstu hæð og í risi auk 29,1 fm. bílskúrs á jarðhæð. Tvennar rúmgóðar og skjólsælar svalir. Mikið útsýni af svölum, úr stofu og eldhúsi. Mikil lofthæð í hluta íbúðar. 5 herbergi og stór stofa. Eikarinnrétting í eldhúsi. Stutt í skóla og alla þjónustu.

42,5 millj.



ÓLAFSGEISLI - REYKJAVÍK.

Afar vandað 240,1 fm. einbýlishús á tveimur hæðum á stórra og viðhaldslítilli hornlóð á frábærum útsýnisstað. Húsið er byggt úr vönduðum byggingarefnum og er klætt að utan með íslensku líbaríti. Harðviðargluggar og útihurðir eru í húsinu og skífa úr steini er á þaki hússins. Mjög mikil lofthæð er á efri hæð hússins. Arkitekt hússins er Kristinn Ragnarsson og innanhússarkitekt er Ellen Týler.

Verð tilboð.



LERKIÁS – GARÐABÆ. ENDARAÐHÚS.

Fallegt 179,7 fm. endaraðhús á tveimur hæðum að meðt. 21,7 fm. bílskúr. 2-3 svefnh. og gott stofurými. Opíð eldhús með ljósi viðarinnréttingu. Innfelld lýsing er á allri efri hæðinni. Gólfisíðir gluggar eru í stigauppgangi. Útsýni nýtur frá svölum á efri hæð. Stór timburverönd með skjólveggjum. Eikarparket og náttúruflisar á gólfum. Mögulegt er að hafa 4 svefnherbergi í húsinu með litlum tilkostnaði.

57,9 millj.



NAUSTABRYGGJA - 4RA HERB. ÚTSÝNISÍBÚÐ.

Glæsileg 112,9 fm. útsýnisíbúð á 3. hæð með tvennum svölum og 20,5 fm. bílskúr með mikilli lofthæð í vönduðu húsi. Íbúðin er öll hönnuð og innréttuð eftir teikningum innanhússarkitekts og er mjög vönduð og falleg í alla staði. Stórar og miklar innréttingar í eldhúsi, sér þvottaherbergi innan íbúðar, vandað baðherbergi, extra háar innihurðir og frábært sjávarútsýni.

37,9 millj.

TUNGUVEGUR



Tunguvegur – Reykjavík.

Mjög fallegt 267,5 fm einbýli á tveimur hæðum ásamt 33,4 fm bílskúr (íbúð í dag) eða samtals 300,9 fm. Búið er að breyta húsinu umtalsvert og skipta því upp í þrjár íbúðir. Fallegar snyrtilegar innréttingar eru í öllum íbúðunum og öll gólf parket og flisalagð. Húsið að utan er mjög snyrtilegt og vel við haldið. Gróin lóð með hellulögn og grasflöt. **Verð 79,9 millj.**

MARARGATA



Marargata – Reykjavík. Glæsileg fasteign í miðborginni.

Stórglæsilegt og nánast algjörlega endurnýjað 355,1 fm einbýlishús á þremur hæðum auk riss og 18,6 fm bílskúr. Á efri hæðum hússins og í risi er stór 7 herb. glæsileg íbúð og á jarðhæð eru tvær litlar íbúðir sem hafa verið í útleigu en væri hægt að sameina aðalíbúð hússins. Eignin hefur öll verið endurnýjuð að innan og innréttuð á afar smekklegan máta. Stofur eru stórar og bjartar og að hluta með verulega aukna lofthæð, allt að 7 metrum. Stór eyja er í eldhúsi. Húsið er teiknað af Guðmundi H. Runólfssyni árið 1931. Rut Káradóttir innanhússarkitekt teiknaði breytingar sem gerðar voru á eigninni að innan árið 2008. Þráinn Hauksson landslagsarkitekt hannaði lóð hússins sem var endurnýjuð árið 2012. **Frábær staðsetning í miðborginni.**



Sverrir Kristinsson, framkvæmdastjóri, lögg. fasteignasali

Guðmundur Sigurjónsson, lögfræðingur, lögg. fasteignasali

Þorleifur St. Guðmundsson, lögg. fasteignasali

Kjartan Hallgeirsson, lögg. fasteignasali

Geir Sigurðsson, lögg. fasteignasali

Hilmar Þór Hafsteinnsson, lögg. leigumíðlari, lögg. fasteignasali

Brynjar Þ. Sumarliðason, Söluumaður

Þórarinn M. Friðgeirsson, lögg. fasteignasali

Guðlaugur I. Guðlaugsson, söluumaður

Reynir Björnsson lögg. fasteignasali

Jóhanna Valdimarsdóttir, gjaldkeri

Elin Þorleifsdóttir, ritari

Ásdís H. Júlíusdóttir ritari

Guðrún Magnea Arnadóttir, ritari

Anna M. Sigurðardóttir, ritari

Mánatún 7-17



Glæsilegar og nútímalegar íbúðir á góðum stað

90 vandaðar og vel hannaðar íbúðir í Mánatúni 7-17 í fimm stigagöngum. Húsin eru hönnuð af Kanon arkitektum og vekja athygli fyrir gott skipulag og nútímalegt útlit. Allur frágangur er sérlega vandaður.

Það er þó ekki skilyrði að fólk treysti sér til að flytja textann sjálf heldur munu Katla og samstarfskona hennar, Halldóra Markúsdóttir, aðstoða textahöfunda við að komast í samband við leikara til að flytja mónólóginn sé þess óskað. „Það er svo mikið af skúffuskrifurum sem dreymir kannski um að sjá verkin sín lifna við þótt þau vilji kannski ekki flytja þau sjálf.“

Hámarks lengd hvers mónólógs er tíu mínútur en Katla segir hverjum og einum í sjálfsvald sett hvernig sá tími er nýttur. „Þetta geta verið fimm örmónólógar, einn langur eða þess vegna bara þögn og tvö orð. Það er algjörlega frjálst.“

Katla segir hugmyndina að baki verkefninu vera þá að efla samstarf leikara og koma þeim í kynni hverjum við annan. „Það hefur alveg vantað stað þar sem við getum komið saman, æft okkur, fengið uppbyggilega gagnrýni og verið örugg,“ segir hún. „Dansarar eru með dansverkstæði þar sem þeir hittast reglulega og miðla reynslu sinni og okkur langaði að koma upp þannig aðstoðu fyrir leikara. Ef þetta gengur upp og fólk vill taka þátt í þessu er meiningin að hafa svona kvöld reglulega í vetur.“

Umsóknir um þátttöku skulu sendar á netfangið tjarnarbio@gmail.com fyrir 10. júlí. Tilgreina þarf í umsókninni lengd verks og hvaða leikmuna eða aðstoðar viðkomandi þarfnast. fridrikab@frettabladid.is



KATLA RUT PÉTURSDÓTTIR „Ef þetta gengur upp og fólk vill taka þátt í þessu er meiningin að hafa svona kvöld reglulega í vetur.“ FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



HVAÐ FER MIKIL ORKA Í HEIMILISTÆKIN?

Prófaðu reiknivélina á www.on.is og sjáðu hvað spjaldtölvun, leikjötölvun og sjónvarpið nota mikið rafmagn.

Við erum heppin að náttúran skuli sjá okkur fyrir meira en nóg af orku til að létta okkur lífið svo um munar. Forsenda þess að við getum farið vel með auðlindirnar og lækkað kostnað er að vita hvað er í gangi og hversu mikla orku raftækin nota

að staðaldrí. Á on.is er handhæg reiknivél sem auðveldar þér að sundurliða orkunotkun heimilisins og meta kostnaðinn í heild og við einstaka þætti.

Orka náttúrunnar framleiðir og selur rafmagn til allra landsmanna á samkeppnishæfu verði. Við viljum nýta auðlindir af ábyrgð og nærgætni og bæta lífsgæðin í nútíð og framtíð.



ORKA NÁTTÚRUNNAR

ORKA NÁTTÚRUNNAR

Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík · Sími 591 2700 · www.on.is · on@on.is



Takk!

UNICEF á Íslandi vill þakka innilega öllu því frábæra tónlistarfólki sem kom fram á styrktartónleikum í Hörpu fimmtudaginn 3. júlí. Yfir 1.200 manns mættu á tónleikana og lögðu þannig sitt af mörkum til neyðarsöfnunar UNICEF fyrir börn í Suður-Súdan.

UNICEF á Íslandi vill einnig koma kæru þakklæti á framfæri til Alvogen sem gerði tónleikana að veruleika og hefur stutt dyggilega við aðgerðir okkar í þágu barna.

Með því að senda sms-ið **BARN í númerið **1900** renna **1.900** krónur til neyðarhjálpunar UNICEF fyrir börn í Suður-Súdan.**

Neyð barna í Suður-Súdan er mikil. Við höldum ótrauð áfram.

UNICEF ber ekki kostnað af birtingu þessarar auglýsingar

unicef 

SMÁRRÁ BIÓ HÁSHÖLVA BIÓ

SMÁRRÁ BIÓ 5%

THE SALVATION	KL. 8	16
TRANSFORMERS 2D	KL. 4	12
TRANSFORMERS 3D	KL. 8-10:10	12
TRANSFORMERS 3D LÚXUS	KL. 5-9	12
AD TEMJA DREKANN 2 2D ISL. TAL.	KL. 3:30-5:45	12
AD TEMJA DREKANN 2 3D ISL. TAL.	KL. 3:30-5:45	12
22 JUMP STREET	KL. 5:30-8-10:40	12
TÖFRALANDIÐ OZ 2D ISL. TAL.	KL. 3:30	12
VONARSTRÆTI	KL. 8	14

HÁSHÖLVA BIÓ 5%

THE SALVATION	KL. 5:50-8-10:10	16
AD TEMJA DREKANN 2 2D ISL. TAL.	KL. 5:45	12
TRAIN...DRAGON 3D ISL. TALÓTEXT.	KL. 8	12
22 JUMP STREET	KL. 10:15	12
X-MEN 3D	KL. 10:40	12
FAULT IN OUR STARS	KL. 5:20-8-10:40	14
VONARSTRÆTI	KL. 5:20-8	14



NÝTT EFTIR Gítarleikari og söngvari Pink Floyd, David Gilmour. NORDICPHOTOS/GETTY

Ný plata frá Pink Floyd

Hljómsveitin Pink Floyd sendir frá sér nýja plötu sem mun bera titilinn *The Endless River* en gert er ráð fyrir að platan komi út í októbermánuði. Þessu greindi Polly Samson frá á Twitter en hún er eiginkona gítarleikara og söngvara Pink Floyd, Davids Gilmour. Nýja platan er byggð á upptökum frá árinu 1994 þegar Richard Wright var í sveitinni en hann lést árið 2008. Þá greindi bakradda-söngkona sveitarinnar, Durga McBroom-Hudson, einnig frá plötuupptökunum á fésbókarsíðu sinni og birti meðal annars myndir frá upptökunum. -gp

Sumarflensan

BAKPANKAR Ég fékk flensu í lægðinni um daginn Berglind Pétursdóttir



Ég fékk flensu í lægðinni um daginn og er nýstaðin upp úr nær sjö daga pest. Einum sýklalyfjakúr og um það bil fjórum sjónvarpsþáttaseríum síðar er ég aðeins að hressast. Líkami minn er samt krambúleraður eftir alla þessa hvíld. Ég get varla hreyft mig vegna stírdleika og líður í raun enn hræðilega því ég hef ekki endurheimt orkuna til að hreyfa mig og stunda lífið eins og ég geri venjulega. Til einskis langar mig meira en að valhoppa um engi og akra og synda yfir Ermarsundið en geri það auðvitað ekki, heilsunnar vegna.

ÞAD er langt síðan ég var lasin í svona langan tíma, stöku flensa hér og þar, tveir til þrjú dagar, Strepsils og búið spil. Hér var þó um að ræða dramatísk hitaköst, hósta sem bergmálaði um Þingholtin og slímuga hnerra hvurs slímlosandi áhrif bitnuðu ýmist á tölvuskjánum eða andliti sambýlismanns míns.

ÞAD leiðinlegasta við að vera veik var þó ekki slímið, slenið eða eirðarleysið. Það gerðist svolítið sem hendir mig aldrei. Mig langaði ekki í kaffi. Ég gat ekki hugsað mér að hella upp á ljúfan bolla. Tilgangur minn á morgnana, í hinu heilbrigða lífi er að vakna við að ég kveiki á kaffivélinni og sýp svo á þessum allra meina elixír meðan ég les Bakkpána ýmissa vandaðra einstaklinga. En bakt-eríurnar höfðu völdin og þær heimtuðu að ég baðaði mig í heitu sitrónuvatni og drykki te. Ég sem skil ekki te.

EN það eru líka jákvæðar hliðar við að verða aðeins veikur. Í miðju hóstakasti fatar maður að það er ekki sjálfsagt að vera heill heilsu og geta hlaupið um tún og engi í sumarlegum kjól. Og svo getur maður horft á tíu bíómyndir í röð og fengið sér blund inn á milli án þess að vera stimplaður löggildur haugur.

ÉG er að minnsta kosti mjög fegin að það er búið að finna upp internetið. Þegar pabbi varð veikur í gamla daga fékk hann bara ískalt malt og Vikuna.

Mikil gleði á Hróarskeldu

Hróarskelduhátíðin fór fram um helgina í 44. sinn og tókst vel. Nokkrir af þekktustu tónlistarmönnum og hljóm-sveitum heims komu fram á hátíðinni og ber þar helst að nefna The Rolling Stones, Stevie Wonder, Arctic Monkeys, Outkast og marga fleiri. Veður var að mestu leyti gott en talið er að um 110.000 manns hafi sótt hátíðina.



BLÍÐVÍÐRI Gestir Hróarskelduhátíðarinnar gátu baðað sig í blíðvindrinu. NORDICPHOTOS/GETTY



TVEIR TÖFFARAR Mick Jagger og Ronnie Wood skemmtu sér og gestum konunglega þegar Rolling Stones komu fram á fimmtudagskvöldið.

LAUGARÁS BIÓ Coca-Cola LAUGARÁSBIÓ

LAUGARÁSBIÓ Sýningartímar

TRANSFORMERS 3D	5:50, 9(P)	12
BRICK MANSIONS	10:40	12
AD TEMJA DREKAN SINN 2D	4:30	12
22 JUMP STREET	8	12
MILLION WAYS TO DIE IN THE WEST	10:20	16
VONARSTRÆTI	5, 8	14
TÖFRALANDIÐ OZ 2D	4	12

SAMBIÓ.is

SABOTAGE Í GRJÓTHARÐRI SPENNUMYND 16

CUBAN FURY 7

TRANSFORMERS 12

SAMBIÓ.is ALFABAKKA

SABOTAGE	KL. 5:40-8-10:20	16
CUBAN FURY	KL. 5:50-8-10:10	7
TRANSFORMERS 4 KL. 3D: 5-8:30-10:20 2D: 10:20		12
TRANSFORMERS 4 VIP 2D KL. 5-8:30		12
MALEFICENT 2D	KL. 5:50-8	10
BLENDED	KL. 8	10
ÞJÓLSKYLDUDAGAR TILBOD 300 KL.		
JÓNSI OG RIDDARAREGLAN KL. 2D KL. 5:50		12
SAMBIÓ.is EGI SHÖLL		
TRANSFORMERS 4 KL. 3D: 8-10:20 2D: 4:40-7		12
SABOTAGE	KL. 5:40-8-10:25	16
AD TEMJA DREKANN SINN KL. 2D: 4:40		12
MALEFICENT 2D	KL. 5:40-8	10
EDGE OF TOMORROW 2D	KL. 10:10	14
SAMBIÓ.is KRINGLUNNI NÚMÉRUD SÆTI		
CUBAN FURY	KL. 5:50-8-10:20	7
TRANSFORMERS 4 3D	KL. 5:50-9:10-10:10	12
MAKE YOUR MOVE	KL. 5:40	7
EDGE OF TOMORROW 2D	KL. 8	14
SAMBIÓ.is KEFLAVÍK		
SABOTAGE	KL. 10:10	12
CUBAN FURY	KL. 8	12
TRANSFORMERS 4 3D	KL. 7-10:15	12
SAMBIÓ.is AKUREYRI		
SABOTAGE	KL. 10:20	16
CUBAN FURY	KL. 8	7
TRANSFORMERS 4 3D	KL. 5-8:30	12
MALEFICENT 2D	KL. 5:50	10



ALVEG MED'ETTA Keith Richards, gítarleikari Rolling Stones, kann svo sannarlega að koma fram á tónleikum.



APAKETTIRNIR Alex Turner og félagar hans í hljóm-sveitinni Arctic Monkeys voru flottir á laugardagskvöldið.



HEY YA! André „André 3000“ Benjamin og Antwan „Big Boi“ Patton mynda hljóm-sveitina Outkast og kunna vel þá list að skemmta sér og öðrum.



EIN „SELFIE“ Þessi unga dama skelti í eina „selfie“ í tilefni hátíðarinnar.

BIÓ PARADÍS EUROPA CINEMAS

FRÍTT INN

HM Í FÓTBOLTA Í BEINNI
8 LIÐA ÚRSLIT FÖS-LAU
KL. 16.00 & 20.00

WELCOME TO NEW YORK

ANDRI & EDDA VERÐA BESTU VINIR

ANTBOY

SJÁ FLEIRI SÝNINGAR Á WWW.BIOPARADÍS.IS - Miðasala: 412 7711 - Hverfisgata 54 - bioparadis.is - Hluti af Europa Cinemas

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is

SAFT

NATURE'S COMFORT

heilsurúm

Verðdæmi →
160x200 cm



ÚTSALA
30.000
KRÓNA AFSL.

DORMA
- býður góða nótt
SUMAR ÚTSALA
119.900
FULLT VERÐ 149.900



- Mjúkt og slitsterkt áklæði
- Aldrei að snúa

- Svæðaskipt pokagormakerfi
- Steyptar kantstyrkingar

- Sterkur botn
- Heilsu- og hægindalag í yfirdýnu sem hægt er að taka af
- Burstaðar stállappir

NATURE'S REST

heilsurúm

Verðdæmi →
90x200 cm



ÚTSALA
20.000
KRÓNA AFSL.

DORMA
- býður góða nótt
SUMAR ÚTSALA
48.900
FULLT VERÐ 68.900



- Mjúkt og slitsterkt áklæði
- Aldrei að snúa

- Svæðaskipt pokagormakerfi
- Fábærar kantstyrkingar

- Sterkur botn
- Burstaðar stállappir

FLORIDA

hornsófi með tungu

DORMA
- býður góða nótt
SUMAR ÚTSALA
179.900
FULLT VERÐ 239.900

ÚTSALA
60.000
KRÓNA AFSL.



Stærð: 320 x 200/150 H: 90 cm.
Slitsterkt Cortina svart áklæði.

Tunga getur verið beggja vegna. Vinstri tunga á mynd.

DORMA
- býður góða nótt
SUMAR ÚTSALA
24.950
FULLT VERÐ 49.900

ÚTSALA
50%
AFSLÁTTUR



MILANO
hægindastóll

Brúnt tauáklæði

AUGUSTA

hægindastóll



Rautt, svart, brúnt, grátt og beige eka-leður á slitflötum..

DORMA
- býður góða nótt
HM TILBOÐ
84.900
FULLT VERÐ 99.900

100% Real
LEATHER
Top Quality

SIESTA

svefnsófi



DORMA
- býður góða nótt
SUMAR ÚTSALA
109.900
FULLT VERÐ 139.900

ÚTSALA
30.000
KRÓNA AFSL.

Stærð: 192 x 85 cm. Slitsterkt áklæði – margir litir. Dýnustærð 147x197 cm. Rúmfatageymsla

DÚNSÆNG
140x200 cm.
50% gæsadúnn
50% smáfiður

ÚTSÖLUVERÐ:
13.230
Fullt verð: 18.900,-

DÚNKODDI
50x70 cm.
15% gæsadúnn
85% smáfiður

ÚTSÖLUVERÐ:
3.430
Fullt verð: 4.900,-



ÚTSALA
30%
AFSLÁTTUR

DORMA
- býður góða nótt

HMÍ FÓTBOLTA

BRASILÍA-PÝSKALAND
HOLLAND-ARGENTÍNA

Pað verða sannkallaðir stórleikir í undanúrslitunum á HM í Brasilíu. Aðeins tvær heimsálfur eiga fulltrúa eftir standandi. **Lionel Messi** á möguleika á að vinna eina titilinn sem vantar í safnið og það í landi erkifjendanna. Myndi sigur í Brasilíu festa hann í sessi sem einn allra besta fótoltamann sögunnar.

VÍSIR Allt um HM á Vísi

STJARNAN
GÆRDAGSINS

Pað kom eflaust mörgum á óvart þegar Louis Van Gaal skipti ísköldum Tim Krul inn á undir lok framlengingarinnar í leik Hollands og Kosta Ríka í gær. Krul launaði Van Gaal heldur betur traustið og varði tvær vítaspyrnur af fimm í og tryggði Hollendingum sæti í undanúrslitunum. Krul hefur gengið illa að verja víti með Newcastle en greinilegt var að hann var vel undirbúinn í gær og valdi rétt horn í öllum spyrunum Kosta Ríka.



Tim Krul
Hollandi

Loksins tapaði Courtois leik með
belgíska landsliðinu.

Tilfinningin eftir leik Argentínu og Belgíu var eflaust sérstök fyrir hinn unga **Thibaut Courtois**. Eftir að hafa leikið 21 leik án taps kom fyrsta tap Courtois með belgíska landsliðinu gegn Argentínu í gær. Belgía hafði aðeins tapað fimm leikjum í öllum keppnum frá árinu 2010 fyrir leik gærdagsins en Simon Mignolet varði mark Belga í öllum þeim leikjum.



Stefnan var sett aftur út

Sigurbergur Sveinsson, stórskyttan úr Hafnarfirði, skrifaði undir eins árs samning hjá HC Erlangen um helgina. Sigurbergur kom heim úr atvinnumennsku fyrir tveimur árum en stefnan var alltaf sett aftur út.

HANDBOLTI Stórskyttan Sigurbergur Sveinsson snýr aftur í atvinnumennsku næsta haust eftir að hann skrifaði undir eins árs samning við HC Erlangen um helgina. Sigurbergur sem hefur leikið með Haukum undanfarnin tvö ár þarf því að rifja upp þýskukunnáttuna en hann lék áður fyrr með Hannover-Burgdorf og Rheinland í Þýskalandi og Basel í Sviss.

„Þýskan er ekkert sérstök en ég ætla mér að læra hana í þetta skiptið. Það gerir dvölinna miklu betri að geta talað tungumálið. Það hjálpar manni að aðlagast,“ sagði Sigurbergur.

Eins árs samningur

Sigurbergur skrifaði undir eins árs samning hjá Erlangen en félagið leikur í fyrsta sinn í efstu deild í þýska handboltanum. Það verður önnur barátta en Sigurbergur þekkir en hann hefur leikið með Haukum undanfarnin tvö ár sem hafa barist um alla titla sem í boði voru.

„Ég er búinn að stefna að því allt frá því ég kom heim að fara aftur út og ég er búinn að vera að vinna í þessu í smátíma núna. Vonandi eru góð ár framundan en aðalatriðið er að haldast heill næstu árin. Þetta var alltaf markmiðið, ég hafði metnað fyrir því að komast aftur út í atvinnumennsku. Mig langar

að sjá hvert ég get náð í handboltanum, það var ástæðan fyrir því að ég gerði aðeins eins árs samning,“ sagði Sigurbergur sem vildi aðeins eins árs samning.

„Þeir buðu mér tveggja ára samning en ég ætla að gefa allt sem ég á í þetta eina ár og sjá hvar við stöndum eftir það. Ég hafði gott af því að koma heim á sínum tíma og ég hef verið heppinn með hjálfara. Aron Kristjánsson og Patrekur Jóhannesson eru búnir að hjálpa mér mikið og gera mig að betri leikmanni,“ sagði Sigurbergur. Hann ætlar aðeins að einbeita sér að handboltanum og sjá hvernig staðan verður eftir eitt ár.

„Félagið er að leika í fyrsta sinn í efstu deild og það er búin að vera gríðarlega mikil uppbygging síðustu ár. Ég hreifst af umgjörðinni þarna, það er vel staðið að öllu og það verður eflaust mikil stemning þegar liðið leikur í fyrsta sinn í efstu deild. Ég mun keppa við ungan strák um stöðu og fæ vonandi að spila töluvert sem ætti að gera mig að betri leikmanni.“

Blendnar tilfinningar

Patrekur Jóhannesson, hjálfari Sigurbergs hjá Haukum, viðurkendi að það væri skrytinn tilfinning að sjá á eftir Sigurbergi.

„Það eru vissulega blendnar tilfinningar. Annars vegar er þetta



AÐ NÁ SÉR Kristófer Acox er að koma til baka úr meiðslum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Parf að hvíla

KÖRFUBOLTI Kristófer Acox hefur dregið sig út úr æfingarhópi íslenska landsliðsins í körfubolta. Háskóli Kristófers í Bandaríkjunum óskaði þess að hann myndi sitja hjá í leikjum íslenska liðsins í sumar. Þetta staðfesti Kristófer við Fréttablaðið í gær.

Kristófer var valinn í fyrsta sinn í íslenska landsliðshópinn en hann er nýkominn af stað á ný eftir að hafa glímt við meiðslu undanfarna mánuði.

„Þeir vilja ekki að ég sé að hætta á að meiðast aftur ef ég fer of snemma af stað. Mér finnst ég persónulega vera tilbúinn í þetta verkefni en ég virði ákvörðun hjálfarana,“ sagði Kristófer.

Kristófer sem er uppallinn í KR er ekki eini maðurinn sem hefur dregið sig út úr landsliðshópnum en Jakob Örn Sigurðarson hefur einnig dregið gert það.

-kpt



STÓRSKYTTA Sigurbergur hefur verið einn besti leikmaður deildarinnar á undanförunum árum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

frábært fyrir hann og fyrir félagið að við séum að framleiða atvinnumenn en við erum auðvitað að missa góðan leikmann,“ sagði Patrekur sem hefur fulla trú á að Sigurbergur muni standa sig vel í Þýskalandi.

„Ég held að hann sé betur í stakk búinn að takast á við þetta og það var einfaldlega kominn

tími á þetta. Þegar menn eru orðnir nógu góðir kemur alltaf áhugi erlendis frá. Markmiðið í Haukum er alltaf að gera leikmennina betri og maður er stoltur af að sjá hann fara út. Hann er öflugur leikmaður og það var mjög gaman að vinna með honum í vetur,“ sagði Patrekur stoltur af sínum manni.

kristinnpall@365.is



SIGURVEGARI Novak Djokovic með sigurlaunin. MYND/GETTY

Verðandi faðir vann

Djokovic sigraði á Wimbledon-móttinu í gær

TENNIS Novak Djokovic varð Wimbledon-meistari karla í gær eftir sigur á Roger Federer í mögnuðum úrslitaleik, en rimman fór í oddasett. Djokovic náði á endanum að vinna oddasettið 6-4 og tryggja sér titilinn.

Federer byrjaði leikinn vel og vann fyrsta settið 7-6 eftir að fara í upphækkun. Djokovic svaraði með því að vinna næstu tvö sett 6-4 og 7-6.

Fjórða settið var ævintýralegt, Federer lenti 5-2 undir en sneri taflinu við og vann settið 7-5 og því þurfti að grípa til oddasetts.

Þar var spennan mikil og staðan var 4-4 á einum tímupunkti en þá gaf Federer aðeins eftir og Djokovic vann næstu tvær lotur og þar með settið 6-4 og varð fyrir vikið Wimbledon-meistari.

„Ég vil byrja á því að hrósa

Roger, hann spilaði frábærlega á þessu móti og hann er frábær fyrirmynd. Hann sýndi í dag af hverju hann er talinn meðal þeirra bestu og ég lenti í miklum vandræðum. Ég vil líka þakka honum fyrir að hafa leyft mér að vinna í dag,“ sagði Djokovic.

„Þetta er stærsta mót í heiminum og ég er gríðarlega stoltur af að hafa náð að vinna það og ég vil tileinka fjölskyldu minni þennan sigur. Ég vil einnig þakka fyrsta tennishjálfarann minum. Hún féll frá á síðasta ári og þessi titill er fyrir hana,“ sagði Djokovic hræður eftir að hafa fengið bikarinn afhentan.

Þetta er í annað skiptið á ferlinum sem Djokovic tekst að vinna Wimbledon-mótið. Árið 2011 vann hann Spánverjann Rafael Nadal í úrslitaleiknum.

-kpt

THULE SWEDEN
CAR RACK SYSTEMS

Thule Motion 800 besta ferðaboxið

Samkvæmt könnun sem gerð var af ADAC, systurfélag FÍB í Þýskalandi, var Thule Motion 800 valið besta ferðaboxið á markaðinum.

ADAC
THULE Motion 800
very good (1,5)
Test

ADAC Motortest 12/2013
8 roof boxes tested

ADAC
THULE Motion 800
very good (1,5)
Test

AUTO
TESTSIEGER
Thule Motion 800
Heft Nr. 03/2013

DAMTC TEST
DACHBOGEN 2013
SEHR GUT
Thule Motion 800
auto touring 12/2013
www.oesam.at

Stilling hf. | Sími 520 8000 | www.stilling.is | stilling@stilling.is



SIGURREIFUR Lewis Hamilton var kampakátur þegar hann kom fyrstur í mark í Silverstone-kappakstrinum í gær. Hér fagnar hann sigrinum. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Hamilton saxaði á Rosberg í keppni öikumannanna

FORMÚLA 1 Breski ökuþórin Lewis Hamilton vann í gær í annað skiptið á ferlinum Silverstone kappaksturinn sem fer fram í Englandi. Hamilton olli vonbrigðum í tímatökunum þar sem hann náði sjötta besta tíma dagsins en náði strax í upphafi kappakstursins að koma sér í baráttuna.

Hamilton háir mikla baráttu við Nico Rosberg, liðsfélaga sinn hjá Mercedes, í keppni öikumanna um heimsmeistaratitilinn. Rosberg neyddist hins vegar til þess að hætta eftir að girrkassinn í bíl hans bilaði á 29. hring í kappakstrinum. Var þetta í fyrsta sinn á tímabilinu sem Rosberg neyddist til þess að

hætta keppni. Hamilton nýtti sér bilun Rosbergs og náði öruggri forystu á 30. hring og sleppti henni aldrei eftir það.

„Ég er hræður, ég fékk gríðarlega góðan stuðning í dag. Mér leið illa þegar ég heyrði að liðsfélagi minn þyrfti að hætta því ég vildi ná fyrstu tveimur sætunum en ég þyrfti á þessum sigri að halda. Þessi sigur sýnir að maður á aldrei að gefast upp,“ sagði Hamilton.

Räikkönen slapp vel

Kimi Räikkönen lenti í árekstri strax á fyrsta hring en hann slapp vel úr árekstrinum. Räikkönen missti stjórn á bílnum í fjórðu

þeygju eftir að hafa reynt að koma honum aftur inn á brautina og keyrði inn í grindverk. Af grindverkinu skaut bíll Räikkönens þvert yfir brautina og í bíl Felipe Massa og þurftu báðir ökuþórnir að hætta leik.

Gert var klukkutíma hlé á kappakstrinum eftir áreksturinn. Greint var frá því eftir kappaksturinn að Räikkönen væri með brákaðan ökkla en Massa slapp án meiðsla. Það var hins vegar engan bilbug að finna á Ferrari-liðinu en í gær staðfesti liðið að Räikkönen yrði við fulla heilsu þegar næsti kappakstur fer fram í Þýskalandi eftir hálfan mánuð. -kpt



GULL Aníta Hinriksdóttir vann 800 metrana í Mannheim FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Sóttu gull til Þýskalands

FRJÁLSAR ÍPRÓTTIR Hilmar Örn Jónsson og Aníta Hinriksdóttir úr ÍR unnu til gullverðlauna á Junior Gala-mótinu um helgina. Mótið sem fer fram í Mannheim í Þýskalandi er eitt stærsta ungmennamót heims á hverju ári.

Alls fengu sex Íslendingar boð um að keppa á leikunum, Vigdís Jónsdóttir og Hilmar Örn í sleggjukasti, hlaupararnir Aníta, Kolbeinn Höður Gunnarsson og Jóhann Björn Sigurbjörnsson og að lokum Sindri Hrafn Guðmundsson í spjótkaсти.

Aníta náði sér ekki á strik í 400 metra hlaupinu en hún sýndi hvað í henni býr daginn eftir í 800 metra hlaupinu. Aníta náði strax á upphafsmetrinum góðu forskoti sem hún hélt allt til loka og kom í mark fjórum sekúndum á undan næstu manneskju.

Hilmar Örn sigraði nokkuð sannfærandi í sleggjukastinu. Hilmar kastaði lengst 75,65 metra, tæplega þremur metrum lengra en næsti keppandi.

Keppnin var góð upphitun fyrir íslenska keppnisfólkið í undirbúningi fyrir Heimsmeistarakeppni undir 20 ára sem fer fram í Oregon í Bandaríkjunum síðar í mánuðinum. -kpt



Á FERÐINI Leikmenn Víkings fljúga til Ísafjarðar á morgun. FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETUR

Leik frestað á Ísafirði

FÓTBOLTI Átta liða úrslitum Borgunarbikarsins lýkur í kvöld með leikjum BÍ/Bolungarvíkur og Víkings og leik Þróttar og ÍBV. Vegna veðurs þurfti að fresta leik BÍ/Bolungarvíkur og Víkings sem átti að fara fram í gær en völluminn reyndist óleikhæfur vegna bleytu.

Víkingur hefur harma að hefna fyrir bræðrafélag sitt en í 64-liða úrslitum sló BÍ/Bolungarvík út Berserki 8-2.

Eyjamenn koma eflaust fullir sjálfstrausts eftir sigurinn á Keflavík á miðvikudaginn gegn Stjörnuöðunum í Þrótti. -kpt

SIEMENS



Fljótandi þvottaefni frá Ariel fylgir með öllum Siemens þvottavélum.



Ný Siemens þvottavél

- með öllum þeim eiginleikum sem menn þurfa í dagsins önn.

www.sminor.is

Ný 7 kg þvottavél með íslensku stjórnborði.

Hámarksvindhraði: 1400 sn./mín. Orkuflokkur A+++.

Tromlan („waveDrum“) fer einstaklega vel með þvottinn.

15 mín. hraðþvottakerfi. Við hönnun vélarinnar hefur verið leitast við að gera hana mjög stöðuga og hljóðláta („antiVibration Design“).

Við leggjum áherslu á hágæða vörur og fyrsta flokks þjónustu á góðu verði.

Kynningarverð:

119.900 kr. stgr.

þvottavél, WM 14K267DN



Hraðkerfi 15'



anti-vibration Design



7 kg
Tekur mest



A+++
Orkuflokkur

SMITH & NORLAND

Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is

Stöð 2 kl. 20 Kjarnakonur

Vandaðir íslenskir þættir í umsjá Kolbrúnar Björnsdóttur. Hér ræðir Kolla við konur sem stýra íslenskum fyrirtækjum og kynnist þeim í gegnum líf og störf.



Í KVÖLD



Mindy Project

STÖÐ 2 KL. 19.15 Gamanþáttaröð um konu sem er í góðu starfi en gengur illa að fóta sig í ástarlífinu. Mindy er ungur læknir á uppleið en rómantíkin flækist fyrir henni og samskiptin við hitt kynið eru flóknari en hún hafði ímyndað sér.



Night at the Museum

STÖÐ 2 BÍÓ KL. 20.10 Geysilega vinsæl ævintýra- og gamanmynd fyrir alla fjölskylduna með Ben Stiller í aðalhlutverki. Hann leikur atvinnulausan náunga sem tregur tekur að sér starf næturvarðar á náttúrugripasafni þar sem skrítnir hlutir gerast.



Hart of Dixie

STÖÐ 3 KL. 18.20 Þriðja þáttaröðin um unga stórborgarstúlku sem finnur sjálfa sig og ástina í smábæ í Alabama. Rachel Bilson leikur ungan lækni sem neyðist til að taka að sér vinnu í smábæ þar sem lífið er allt öðru vísi en hún á að venjast.

Bylgjan kl. 13 Rúnar Róberts

Rúnar er í loftinu á milli 13 og 16 alla virka daga. Rúnar fylgist með því sem er að gerast í þjóðlífinu hverju sinni, kíkir á sportið ásamt því að gefa þér vænan skammt af góðri Bylgjutónlist til að stytta þér stundirnar við vinnuna.



20:00

Nýtt

KJARNA KONUR

Kjarnakonur á Stöð 2

Vandaðir íslenskir þættir í umsjá Kolbrúnar Björnsdóttur. Hér ræðir Kolla við konur sem stýra fyrirtækjum og kynnist þeim í gegnum líf og störf.

Fyrsti þáttur mánudag klukkan 20.00

365.IS

STÖÐ 2

- 07.00 Barnatími Stöðvar 2
- 08.00 Malcolm in the Middle (11:22)
- 08.25 2 Broke Girls (6:24)
- 08.45 Anger Management (6:10)
- 09.10 Bold and the Beautiful (6:39:6821)
- 09.30 Doctors (9:175)
- 10.10 School Pride (2:7)
- 10.50 The Crazy Ones (3:22)
- 11.45 Falcon Crest (23:28)
- 12.35 Nágrannar
- 13.00 Cold Feet (3:7)
- 13.50 American Idol (5:39)
- 15.15 ET Weekend (42:52)
- 16.00 Frasier (22:24)
- 16.25 The Big Bang Theory (18:24)
- 16.45 How I Met Your Mother (23:24)
- 17.10 Bold and the Beautiful
- 17.32 Nágrannar
- 17.57 Simpson-fjölskyldan (13:22)
- 18.23 Veður
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2
- 18.47 Íþróttir
- 18.54 Ísland í dag
- 19.06 Veður
- 19.15 Mindy Project (6:24)
- 19.35 The Goldbergs (10:23)
- 20.00 Kjarnakonur
- 20.25 Nashville (19:22)
- 21.10 The Leftovers (2:10)
- 21.55 Crisis (5:13) Bandarísk spennuþáttaröð. Börnum valdamestu manna Bandaríkjanna er rænt í skólaferðalagi og mannæringjarnir þvinga foreldrana til að vinna fyrir sig.
- 22.40 Looking (1:8) Frábær þáttaröð frá HBO sem fjallar um þrjá samkynhneigða vini og baráttu þeirra í hinu daglega líf.
- 23.05 Anger Management (13:22)
- 23.30 White Collar (4:16)
- 00.15 Orange Is the New Black (4:14)
- 01.15 Burn Notice (4:18)
- 02.00 Veep (9:10)
- 02.25 Long Weekend
- 03.50 Largo Winch
- 05.35 American Horror Story (12:12)

SPORT

- 07.00 Wimbledon Tennis 2014
- 09.40 Breiðablik - KR
- 15.50 Oklahoma City Thunder. Heart of the City
- 16.15 Fjölnir - Fylkir
- 18.05 Pepsímörkin 2014
- 19.30 Shellmótið
- 20.10 Breiðablik - KR
- 22.00 Borgunarmörkin 2014
- 23.10 Demantamótin
- 01.10 Borgunarmörkin 2014

SPORT 2

- 11.30 HM Messan
- 12.30 Úrúgvæ - England
- 14.15 Robbie Fowler
- 14.45 Brasilía - Chile
- 17.10 Kólumbía - Úrúgvæ
- 18.50 Germany, Fortaleza and Ghana
- 19.20 Frakkland - Pýskaland
- 21.00 HM Messan
- 22.00 Brasilía - Kólumbía
- 23.40 Bandaríkin - Portúgal
- 01.25 HM Messan

INN

20.00 Frumkvöðlar Frumkvöðlar taka ekki sum-arfrí. 20.30 Heillsubáttur INN Sólvi Tryggvason á heilsuþótarstöðum. 21.00 Íslensk fyrirtækjafióra Sigurður K. Kolbeinsson heimsækir Ícelandair. 21.30 Til framtíðar Þáttaröð um líffeyrisstöðina. Umsjón Þórhallur Jóseppson.

STÖÐ 3

- 17.30 Grand Designs (10:12)
- 18.20 Hart Of Dixie (20:22)
- 19.00 The Amazing Race (1:12)
- 19.45 Bleep My Dad Says (12:18)
- 20.05 Time of Our Lives (7:13)
- 20.45 Dramatískir þættir sem fjalla hið daglega líf og hin ýmsu vandamál sem einstaklingar á öllum aldri og úr öllum stigum þjóðfélagsins glíma við.
- 21.00 The Glades (3:10)
- 21.45 The Vampire Diaries (22:22)
- 22.25 Pretty Little Liars (19:25)
- 23.05 Nikita (20:22)
- 23.45 Terminator. The Sarah Connor Chronicles (5:22)
- 00.40 The Amazing Race (1:12)
- 01.25 Bleep My Dad Says (12:18)
- 01.45 Time of Our Lives (7:13)
- 02.40 The Glades (3:10)
- 03.25 The Vampire Diaries (22:22)
- 04.10 Tónlistarmyndbönd frá Popptíví

Krakkastöðin

- 07.00 Ofurhundurinn Krypto
- 07.25 Ljóti andurunginn og ég
- 07.47 Tommi og Jenni
- 07.55 Leyndarmál vísindanna
- 08.00 Lína langskokkur
- 08.25 Latibær
- 08.47 Hvellur keppnisbíll
- 09.00 Dóra könnuður
- 09.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
- 09.45 Doddi litli og Eyrnastór
- 09.55 Rasmus Klumpur og félagar
- 10.00 Áfram Diego, áfram!
- 10.24 Svampur Sveinsson
- 10.45 Ævintýraferðin
- 10.55 UKI
- 11.00 Ofurhundurinn Krypto
- 11.25 Ljóti andurunginn og ég
- 11.47 Tommi og Jenni
- 11.54 Leyndarmál vísindanna
- 12.00 Lína langskokkur
- 12.24 Latibær
- 12.48 Hvellur keppnisbíll
- 13.00 Dóra könnuður
- 13.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
- 13.45 Doddi litli og Eyrnastór
- 13.55 Rasmus Klumpur og félagar
- 14.00 Áfram Diego, áfram!
- 14.24 Svampur Sveinsson
- 14.45 Ævintýraferðin
- 14.55 UKI
- 15.00 Ofurhundurinn Krypto
- 15.25 Ljóti andurunginn og ég
- 15.47 Tommi og Jenni
- 15.54 Leyndarmál vísindanna
- 16.00 Lína langskokkur
- 16.24 Latibær
- 16.48 Hvellur keppnisbíll
- 17.00 Dóra könnuður
- 17.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
- 17.45 Doddi litli og Eyrnastór
- 17.55 Rasmus Klumpur og félagar
- 18.00 Áfram Diego, áfram!
- 18.24 Svampur Sveinsson
- 18.45 Ævintýraferðin
- 18.55 UKI
- 19.00 Hvíti Kóalabjörninn
- 20.25 Sögur fyrir svefninn

GULLSTÖÐIN

- 17.35 Strákarnir
- 18.05 Friends (19:24)
- 18.30 Seinfeld (23:23)
- 19.15 Modern Family (24:24)
- 19.40 Two and a Half Men (11:16)
- 20.05 Sjálfstætt fólk
- 20.30 Eldsnögg með Jóa Fel (9:12)
- 21.00 Breaking Bad
- 21.50 Sisters (7:22)
- 22.40 The Newsroom (10:10)
- 23.40 Rita (6:8)
- 00.20 Lærkevej (4:12)
- 01.05 Sjálfstætt fólk
- 01.30 Eldsnögg með Jóa Fel (9:12)
- 02.00 Breaking Bad
- 02.45 Sisters (7:22)
- 03.35 The Newsroom (10:10)
- 04.35 Tónlistarmyndbönd frá Popptíví

BÍÓSTÖÐIN

- 10.50 Crooked Arrows
- 12.35 Jane Eyre
- 14.35 Night at the Museum
- 16.25 Crooked Arrows
- 18.10 Jane Eyre
- 20.10 Night at the Museum
- 22.00 Ted
- 23.45 Dream House
- 01.20 Puncture
- 03.00 Ted

RÚV

- 16.35 Herstöðvarlíf (19:23)
- 17.20 Babar og vinir hans (1:15)
- 17.42 Engilbert ræður (66:78)
- 17.50 Grettir (34:46)
- 18.02 Skúli skelfir (1:26)
- 18.15 Táknafréttir
- 18.25 Minnisverð máltíð – Anders Lund Madsen (1:7)
- 18.35 Njósni (9:10) (Spy II)
- 19.00 Fréttir
- 19.20 Veðurfréttir
- 19.25 Íþróttir
- 19.35 Attenborough: Furðudýr í náttúrunni – Giraffar og eðlur (1:5) (David Attenborough's Natural Curiosities)
- 20.00 Sitthvað skrítið í náttúrunni – Skordýrafaraldur og ástsjúkur ísbjörn (1:3) (Nature's Weirdest Events)
- 20.55 Víkingarnir (8:9) (The Vikings) Ævintýraleg og margverðlaunuð þáttaröð um víkinginn Ragnar Loðbrók, félagaga hans og fjölskyldu. Aðalhlutverk: Travis Fimmel, Clive Standen og Jessalyn Gilsig. Leikstjóri: Michael Hirst. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.
- 21.40 Íslenskar stuttmyndir (Grafir og bein) Stuttur íslenskur spennutryllir sem lenti í öðru sæti á Stuttmyndadögum í Reykjavík 2012. Ung hjón erfa hús en óhugnanleg fortíð þess fylgir með. Aðalhlutverk: Björn Hlynur Haraldsson, Nína Dögg Filippusdóttir, Gísli Örn Garðarsson o.fl. Leikstjóri: Anton Sigurðsson. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi ungra barna. Textað á síðu 888 í Textavarpi.
- 22.00 Tíufréttir
- 22.15 Veðurfréttir
- 22.20 Kvöldstund með Jools Holland (3:10) (Later with Jools Holland) Vinsæll breskur tónlistarþáttur í umsjón Jools Holland. Fjölbreytt úrval tónlistar er tekið fyrir og í hverjum þætti stíga fimm hljómsveitir á stökk. Gestir þáttarins eru The Vaccines, John Cale, Sharon Van Etten, Jessie Ware og Beth Hart.
- 23.25 Brúin (1:10) (Broen II)
- 00.25 Fréttir
- 00.40 Dagskrárlök

SKJÁREINN

- 06.00 Pepsi MAX tónlist
- 08.00 Everybody Loves Raymond (2:24)
- 08.25 Dr. Phil
- 09.05 Pepsi MAX tónlist
- 16.40 Big Fat Gypsy Wedding (4:5)
- 17.30 Dr. Phil
- 18.10 Judging Amy (23:23)
- 18.55 Top Gear USA (7:16)
- 19.45 The Office (8:24)
- 20.05 Rules of Engagement (15:26)
- 20.30 Top Chef (15:15) Það er komið að sjöundu seríunni í þessum stórskemmtilega bandaríska raunveruleikaþætti. Paul Tom Colicchio og Padma Lakshmi fá til sín 17 efnilega matreiðslumenn sem þurfa að sanna hæfni sína og getu í eldshúsinu.
- 21.15 Rookie Blue (6:13)
- 22.00 Betrayal (4:13)
- 22.45 The Tonight Show
- 23.30 Green Room With Paul Provenza (5:8)
- 23.55 Law & Order (21:22)
- 00.40 Agents of S.H.I.E.L.D. (12:22)
- 01.25 Ironside (4:9)
- 02.10 Rookie Blue (6:13)
- 02.55 Betrayal (4:13)
- 03.40 The Tonight Show
- 04.25 Pepsi MAX tónlist

Golfstöðin

08.00 PGA Tour 2014 13.00 Inside The PGA Tour 2014 13.25 Golfing World 2014 14.15 PGA Tour 2014 17.10 European Tour 2014 18.00 Golfing World 2014 18.50 PGA Tour 2014 23.50 Web.com Tour Highlights

- ÚTVARP
- FM 90,9 Gullbylgjan
- FM 96,3 FM Suðurland
- FM 98,9 Bylgjan
- FM 88,5 XA-Radíó
- FM 93,5 Rás 1
- FM 96,7 Létt Bylgjan
- FM 99,4 Útvarp Saga
- FM 90,1 Rás 2
- FM 95,7 FM957
- FM 97,7 X-ið
- FM 100,5 Kaninn
- FM 102,2 Útv. Latibær
- FM 102,9 Lindin
- FM 105,5 Útvarp Boðun

Spennandi veitingastaður

Fresco er nýr og skemmtilegur veitingastaður sem leggur áherslu á ferska og frumlega salatrétti



Þú getur valið úr tilbúnum salatréttum eða búið til þitt eigið salat, borðað á staðnum eða tekið með heim.

chop't salad
fresco

Suðurlandsbraut 4 • Reykjavík



UPPÁHALDSBLÓMIÐ



„Rós af því að það er svo rómantískt blóm og ég er svo mikil tilfinningvera. Rós er líka blómið mitt út af því að ég er svo rómantísk manneskja.“

Vala Grand.

Með boltann undir búðarborðinu

Knattspyrnukappinn Stefán Gíslason og kona hans, Harpa Lind Harðardóttir, opna húsgagnaverslun með ítölskum húsgögnum.

„Maður er jú orðinn 34 ára gamall og því farið að síga á seinni hluta fótboltaferilsins,“ segir Stefán Gíslason en hann opnar í vikunni húsgagnaverslunina Willamia, ásamt eiginkonu sinni Hörpu Lind Harðardóttur. Stefán spilar fótbolta fyrir Breiðablik en hefur komið víða við á sínum langa atvinnumannsferli og kom aftur til Íslands á árinu eftir að hafa dvalið ytra í fjölda ára.

„Ég hef séð og kynnst ýmsu á mínum ferli og hafði lengi þælt í

því hvað ég vildi gera eftir ferilinn og mér fannst alveg vera markaður fyrir svona verslun,“ segir Stefán.

Hin umrædda verslun mun innihalda ítölsk húsgögn en vörurnar eru að mestu leyti fyrir stofnanir, hótél, fyrirtæki og annars konar starfsemi. „Við verðum líka með línur fyrir heimilið. Þetta eru gæðavörur með svokallaðan Bifma-gæðastimpil. Við getum sérsníðið húsgögnin að þörfum og óskum hvers og eins, þar sem hægt er að velja á

milli óteljandi lappa, sessna, efnis, lita og gerða. Hér á landi er mikið af hótélum og annars konar starfsemi þannig að ég held það sé markaður fyrir svona vörur,“ bætir Stefán við.

Sýningarsalur þeirra hjóna verður opnaður á föstudaginn en hann stendur við Ármúla 44. „Ætli maður geymi ekki boltann undir búðarborðinu svo maður geti gripið í hann inn á milli,“ segir Stefán og hlær en hann stendur vaktina með Breiðabliki í sumar.

-glp



Í HÚSGÖGNIN Stefán Gíslason og Harpa Lind Harðardóttir opna verslun með ítölsk húsgögn í vikunni. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNPÓR

FM957

GOLFKLUBBURINN KJÖLUR

EITT GLÆSILEGASTA GOLF MÓT ÁRSINS

18. JÚLÍ Á KILI - SKRÁÐU ÞIG TIL LEIKS Á FM957.IS - VEGLEGIR VINNINGAR

NÁNARI UPPLÝSINGAR ERU Á WWW.F957.IS

*SÁ FYRSTI SEM FER HÖLU Í HÖGGI Á MÓTINU FER GLÆNYJAN CHEVROLET SPARK



ÁHUGASAMUR KYNFRÆÐINGUR Sigga Dögg hefur frætt ungmenni í fjögur ár.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Vill mynda kynfæri

Kynfræðingurinn Sigga Dögg safnar sjálfboðaliðum í kynfæraljósmyndun til þess að sýna fjölbreytni kynfæra og leiðréttu mýtur í kynfræðslu ungmenna.

„Það er svo mikilvægt fyrir kynfræðsluna að sýna fjölbreytni kynfæra,“ segir Sigga Dögg kynfræðingur en hún leitar að íslenskum sjálfboðaliðum í kynfæraljósmyndun 15. júlí. Það er þó nánast fullt í myndatökuna í júlí en önnur myndataka er fyrirhuguð í ágúst. „Ég hef fengið fráber viðbrögð en skráning í næstu myndatöku fer í gang fljótlega en það er hægt að fylgjast með skráningunni á vefsíðunni minni,“ bætir Sigga Dögg við.

„Þetta er algjörlega nafnlaust nema viðkomandi vilji koma fram undir nafni,“ segir Sigga Dögg en myndirnar munu birtast á vefsíðu hennar og verða meðal annars notaðar í kynfræðslu í grunnskólum. „Það eru til svo margar mýtur um kynfærin eins og um stærð á typpum

um og hvernig píkan á að líta út og þvíumlíkt,“ segir kynfræðingurinn en hún hefur unnið í kynfræðslu í fjögur ár og finnur fyrir vaxandi þörf fyrir slíkar myndir.

„Ég hef verið að vinna mikið með erlendar myndir en mér finnst mikilvægt að hafa íslensk kynfæri á myndunum. Það er ótrúlega mikill áhugi fyrir því að vera með í svona verkefni á Íslandi og þar sem þetta hefur verið gert viðs vegar um heiminn þá er eiginlega bara komið að okkur.“

Eina skilyrðið fyrir þátttöku í myndatökunni er að viðkomandi sé eldri en átján ára en Sigga Dögg býður alla aldurshópa yfir þann aldur hjartanlega velkomna í myndatökuna.

„Þátttakendur munu heldur ekkert hittast, þú ert bara boðaður í

„Það eru til svo margar mýtur um kynfærin eins og um stærð á typpum og hvernig píkan á að líta út og þvíumlíkt.“

Sigga Dögg.

stúdíóið og þar verð ég ásamt ljósmyndara,“ segir kynfræðingurinn. Það eina sem þarf að gera er að senda tölvupóst á netfangið sigga@siggadogg.is til þess að skrá sig og fá tímasetningu en stefnt er að því að taka myndirnar 15. júlí. Þá er bók Siggu Daggar, Kjafnað um kynlíf við börn og unglíngla – Fullorðnir ræða og fræða einnig væntanleg í verslanir í haust.

baldvin@frettabladid.is

Neil Young elskar Bláa lónið

Kanadíska goðsögnin hefur farið tvisvar sinnum í Bláa lónið á fjórum dögum og stefnir á að fara oftari áður en hann yfirgefur landið. Hann heldur tónleika í kvöld.

„Hann hefur allavega farið tvisvar í lónið á fjórum dögum og ætlaði að fara aftur í morgun,“ segir tónleikahaldarinn Tómas Young en Neil Young hefur heldur betur nýtt Bláa lónið á meðan hann dvelur hér á landi. Hann kom til landsins síðastliðinn fimmtudag og hefur verið að æfa fyrir tónleikaferðalag sitt um Evrópu en tónleikaferðalagið hefst í kvöld. „Þeir hafa lagt undir sig Laugardalshöllina og hafa æft alla daga en einnig notið lífsins eins og í Bláa lóninu,“ segir Tómas.

Neil Young heldur sína fyrstu tónleika á Íslandi í kvöld í Laugardalshöllinni og kemur fram ásamt hljómsveit, sinni Crazy Horse. Hann er

lifandi goðsögn, hefur gefið út 35 plötur og er margverðlaunaður. „Hann og hljómsveitin hans eru mjög hógværir í öllum kröfum. Young er mjög mikill umhverfissinni og vill helst ekki sjá neitt plast þannig að við notum alvöru diska og glös,“ segir Tómas spurður um kröfurnar. „Kröfulistinn þeirra er mjög hógværi en ég get ekki verið að fara út í hann nánar.“

Bassaleikari hljómsveitarinnar, Billy Talbot, fékk heilablóðfall fyrir skömmu og því eru æfingarnar fyrir tónleikana mikilvægar. Tónleikar Neils Young eru hluti af ATP-tónlistarháttíðinni.

-glp



LEIÐIST EKKI LÓNIÐ Tónlistarmaðurinn Neil Young kann vel við sig á Íslandi.

NORDICPHOTOS/GETTY

TÓMAS YOUNG

Benna

aktiv

Kringlan

JACK & JONES

TÓLVU LISTINN

GAP

Gull

vodafone

PALLILA TILBOÐ

Nú er rétti tíminn til
þess að smíða pallinn!

Komdu á Palladaga Húsasmiðjunnar og fáðu
tilboð í pallaefnið fyrir draumasólpallinn og
gasgrillið færðu í kaupbæti!
Það gerist varla betra!

OUTBACK

**GASGRILLIÐ
FYLGIR!**

Ef þú kaupir pallaefni
fyrir 100.000 kr. eða meira
færðu Outback gasgrill
í kaupbæti.

P5

ÁBYRGÐ



**SÓLPALLURINN
Á LÆGRA VERÐI!**

**100% verðöryggi
og 5 ára ábyrgð á
öllu pallaefni
í Húsasmiðjunni.**

**Gæði
og gott verð
– við bjóðum bæði**

Húsasmiðjan býður aðeins
fyrsta flokks **AB gagnvarið**
timbur, frá framleiðendum
sem nota vörumerkið efni
gagnvart umhverfi
og heilsu.



HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI
SÍÐAN 1956



Póst : dreifing

DREIFING: dreifing@postdreifing.is
 EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

Opið allan sólarhringinn

í Engihjalla,
 Vesturbergi og
 Arnarbakka



Iceland

FRÉTTIR AF FÓLKI

Í Skálmaldartrommustólinn

Jón Geir Jóhannsson þarf að leggja trommukjuðana á hilluna tímabundið vegna axlarmeisla og þarf að gangast undir aðgerð á næstunni. Meislin valda því að Jón Geir getur ekki leikið með hljómsveit sinni, Skálmöld, næstu vikur eða mánuði og missir hann þar með af tónleikum sveitarinnar á Eistnaflugi og á Þjóðhátíð.

Skálmöld hefur þó fengið mann að nafni Kristján Heiðarsson til þess að leysa Jón Geir af á meðan hann jafnar sig. Kristján er vel þekktur innan tónlistarbransans og hefur leikið með sveitum á borð við Chan-

ger, Dark Harvest og nú síðast Nykur.

Skálmöld æfir nú af kappi og ganga æfingarnar mjög vel að sögn bassaleikara sveitarinnar, Snæbjörns Ragnarsonar.

-glp



Á meðal þeirra bestu

Spennusagan Horfðu á mig eftir Yrsu Sigurðardóttur er meðal fimm tíu bestu glæpa- og spennusagna síðustu fimm ára í Bretlandi, að mati Sunday Times.

Horfðu á mig er að sögn blaðsins spennandi og afar hrífandi saga sem nær enn hærri hæðum sökum þess hversu frumlegt sögusviðið er og söguþráðurinn. Önnur íslensk spennusaga er á sama lista og er það bókinn Harðskafi eftir Arnald Indriðason. „Fyrir svona tíu árum þótti það afrek að komast inn á breska markaðinn og sýnir þetta því hvað við eigum frambærilega höfundu á alþjóðlegum markaði,“ segir Pétur Már Ólafsson, útgefandi hjá Bjarti & Veröld.

Þá mælir Sunday Times með annarri bók Yrsu, Brakinu, við lesendur sína þegar mælt er með góðri sumarlesningu á ströndinni. -glp



Mest lesið **vísir**

- 1 „Hætt að skammast mín fyrir mömmu“
- 2 72 ár frá mesta sjóslysi Íslandssögunnar
- 3 Palestínski drengurinn var brenndur lifandi
- 4 Kaffi og franskur geta valdið krabba
- 5 Bensínlausir strandaglópar á Djúpavogi
- 6 Berjast við að halda fortjöldum sínum uppi

SUMMAR TROMMUSTÓL!

30-50% AFSLÁTTUR

FARYN PLUSH
 Queen Size (153x203 cm)
 FULLT VERÐ 282.083 kr.
197.458 kr.
30% AFSLÁTTUR

CACHE EURO
 King Size (193x203 cm)
 FULLT VERÐ 355.319 kr.
213.191 kr.
40% AFSLÁTTUR

CELESTIAL DIAMOND
 King Size (193x203 cm)
 FULLT VERÐ 331.233 kr.
165.616 kr.
50% AFSLÁTTUR

12 MÁNADA VAXTALAUSAR GREIDSLUR

rekkjan

SONOS

FÁÐU ÞRÁÐLAUSAN AÐGANG AÐ TÓNLISTINNI Í ÖLLUM HERBERGJUM

Spotify | Apple Music | Google play

Sjónvarpsmiðstöðin
 RAFTÆKJAVARSLUN • SIÐUMULA 2 • SÍMI 568 9090 • WWW.SM.IS